

# *Ársskýrsla Alþingis 2004–2005*

STÖRF 131. LÖGGJAFARÞINGS  
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2004

---

Skrifstofa Alþingis gaf út

Reykjavík desember 2005



Formáli	5
Inngangur	6
Skipan þingsins á 131. þingi 2004–2005	7
Forsætisnefnd Alþingis .....	7
Þingmenn og þingflokkar á 131. þingi .....	8
Fastanefndir .....	10
Alþjóðanefndir .....	12
Þingstörfin	13
Þingmál .....	13
Þingfundir .....	15
Þingnefndir .....	16
Erlend samskipti	18
Heimsóknir og fundir forseta Alþingis í útlöndum .....	18
Erlend samskipti fastanefnda .....	19
Erlendar heimsóknir til Alþingis .....	19
Störf alþjóðanefnda .....	21
Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning	22
Skrifstofa Alþingis	23
Skipurit .....	23
Nýjungar í starfi skrifstofunnar .....	24
Erlend samskipti starfsfólks á árinu 2004 .....	25
Yfirlit um starfsmenn .....	25
Húsakostur Alþingis	27
Sérstakar athafnir	28
Fjórar móttökur .....	28
Ávörp við athafnir í Alþingishúsinu .....	28
Stofnanir Alþingis 2004	32
Ársreikningur Alþingis 2004	33



Á forsíðu og víðar í þessari ársskýrslu eru ljósmyndir eftir Pál Stefánsson úr þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

Á grundvelli laga frá Alþingi hafa fjögur landsvæði verið lýst þjóðgarðar. Eitt þeirra er þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum sem stofnaður var árið 1973. Hann er í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Mörk þjóðgarðsins eru, eins og segir í reglugerð umhverfisráðuneytisins nr. 359/1993: „Frá Dettifossi að sunnan og austan, beina stefnu vestur í hátind Eilífs. Frá Eilífi til norðurs í Lönguhlíð og ræður hlíðin merkjum út á móts við syðsta og vestasta horn Langavatnshöfða.

Þaðan beina línu í Botnslæk við suðurbotn Ásbyrgis, þá með efri brún bjarga Ásbyrgis að vestan að skógræktargirðingu, með henni að austurbrún Eyjunnar og björgum út að þjóðvegi. Í austurátt með þjóðvegi að girðingu austan Ásbyrgisvegjar og með henni að skógræktargirðingu og austur á björg Ásbyrgis. Þaðan með björgum svo sem þau taka, norður að þjóðvegi og með honum að Jökulsá. Austurmörk þjóðgarðsins fylgja miðlínu Jökulsár á Fjöllum.“

Flatarmál þjóðgarðsins er um 120 km<sup>2</sup>. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum er þjóðareign.

Hér kemur fyrir almenningssjónir sjöunda ársskýrsla Alþingis. Skýrslan nær yfir 131. löggjafarþing sem hófst 1. október 2004 og lauk 30. september 2005. Í ársskýrslunni er greint frá þingstörfum á 131. þingi og rekstri Alþingis fjárhagsárið 2004. Þá eru upplýsingar um skrifstofu þingsins og starfsmannahald.

Í ræðu, sem ég flutti þegar ég tók við embætti forseta Alþingis 1. október sl., lýsti ég m.a. áhuga mínum á að beita mér fyrir því að auka upplýsingar til almennings um starfsemi Alþingis enda skiptir það Alþingi og alþingismenn miklu máli að viðhorf landsmanna til þingsins og stjórnámálanna sé jákvætt og byggt á þekkingu. Útgáfa ársskýrslu Alþingis er einn liður í því að miðla upplýsingum um starfsemi Alþingis. Það hefur sýnt sig að full þörf er á aðgengilegu tölulegu yfirliti um störf Alþingis og rekstur þess og því er ársskýrslan orðin fastur liður í útgáfustarfi Alþingis.

Á undanförunum árum hefur margt verið gert til að auka þekkingu og upplýsingar um starfsemi Alþingis. Vefur Alþingis hefur verið bættur og fyrirhugað er að gera hann betri og aðgengilegri en nú er með því að bæta ýmsa þætti hans, eins og t.d. með því að auðvelda almenningi að finna með sem skjótustum hætti þau gögn sem leitað er að. Alþingi hefur einnig haldið úti sérstökum ungmennavef með fræðsluefni sem nýst hefur í grunnskólum landsins. Þá tekur Alþingi árlega á móti þúsundum skólanema og annarra gesta í Alþingishúsinu og margvíslegt upplýsingaefni er gefið út um þingið. Í nokkur skipti hefur verið efnt til þess sem við höfum kallað „opið hús“ á Alþingi.



Síðast var slíkt gert laugardaginn 24. september sl., en þá komu í Alþingishúsið rösklega 2.500 manns á fimm tímum til þess að sjá endurbæturnar á húsinu. Þetta sýnir glögglega áhuga almennings á þinginu. Ég hygg að við eigum að opna Alþingishúsið oftar og bjóða t.d. til samfunda og samtala við þingmenn. Ég tel einnig að Alþingi, í samvinnu við fræðsluyfirvöld, eigi að beita sér fyrir sérstakri fræðslu meðal skólanema um löggjafarstörf, og efla þannig skilning og þekkingu þeirra á stjórnskipulagi okkar, starfsháttum Alþingis og lýðræðislegum vinnu-

brögðum. Allt eru þetta atriði sem ég vona að verði til þess að styrkja enn frekar tengsl Alþingis við almenning.

Skýrslan verður sem fyrr send alþingismönnum, ráðuneytum og stofnunum ríkisins og fjölmiðlum, svo og þeim sem þess óska. Þá verður skýrslan birt á vef Alþingis og þannig tryggt að hún sé aðgengileg almenningi.

Ég vil færa þeim starfsmönnum Alþingis sem tekið hafa skýrsluna saman þakkir mínar.

*Sólveig Pétursdóttir,  
forseti Alþingis.*



Með útgáfu þessarar ársskýrslu Alþingis 2004-2005 verða nokkrar breytingar á framsetningu efnis. Meiri áhersla er nú lögð á tölulega og myndræna framsetningu en verið hefur í fyrri ársskýrslum. Texta er sums staðar aðeins ætlað að skýra efni í töflum eftir því sem þörf er á. Með þessu er verið að skerpa á því að í ársskýrslunni sé sem gleggst tölulegt yfirlit um störf og rekstur Alþingis.

Ársskýrsla Alþingis er að því leyti ólík skýrslum annarra stofnana að hún tekur ekki einvörðungu til almanaksársins heldur þingársins, frá þingsetningardegi 1. október til jafnlengdar næsta ár. Í fyrri skýrslum var miðað við þingárið þegar fjallað var um þingstörfin og þá starfsemi sem tengist þinghaldinu en umfjöllun um rekstur þingsins var látin fylgja reikningsárinu. Út af þessu er brugðið nú og fjallað um ýmis rekstrar- og framkvæmdamál á þingárinu. Þannig er í skýrslunni m.a. greint frá endurbótum á Alþingishúsinu sumarið 2005 en ársreikningur Alþingis, sem hér er birtur ásamt skýringum, nær aðeins yfir árið 2004.

Í ársskýrslunni er lögð áhersla á að greina frá því sem gerst hefur á þingtímanum en um efni eða „staðreyndir“ sem eru óbreyttar frá einu þingi til annars er hins vegar fjallað í öðru útgáfuefni á veggum Alþingis. Slíkt er einkum að finna í Handbók Alþingis sem kemur út að loknum alþingiskosningum, en þar hefur m.a. verið birt ýmiss konar efni og samantektir sem ná yfir lengra tímabil en eitt þing.

Útgáfutími ársskýrslunnar hefur verið að komast í fastar skorður, en að þessu sinni hefur útgáfa skýrslunnar dregist lítilllega vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á framsetningu efnis í henni.

Það er stundum sagt að „milliþingin“ á hverju kjörtímabili séu ekki eins átaka-

mikil og fyrsta þingið og hið síðasta. Sé það mælt í lengd þingfunda og fjölda þingmála fær sú kenning tæpast nokkurn stuðning í því talnaefni sem hér liggur fyrir. Vegir stjórnmalanna eru oftast ófyrirsjáanlegir. Raunin er þó sú að störf Alþingis eru í föstum skorðum frá ári til árs þótt ákveðna þróun megi greina í þeim yfirlitum sem skrifstofan hefur látið vinna og birt ýmist í ársskýrslum eða handbókinni. Þannig er t.d. ljóst að fyrirsprungnum hefur fjölgað mjög, hvort sem það verður til frambúðar eða ekki.

Á síðasta þingi bar hæst, eins og jafnan, afgreiðslu mála sem varða fjárstjórnina, fjárlög og skattamál, en einnig að þessu sinni samgöngumál, samkeppnismál, orkumál o.fl. Tekist var hart á um ýmis mál og má þar nefna gjöld á stúdenta í háskólanámi og Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir miklar umræður á þinginu er staðreyndin engu að síður sú að vel yfir helmingur laga og ályktana Alþingis er að jafnaði samþykktur ágreiningslaust.

Hinn 20. janúar 2005 lét Friðrik Ólafsson af störfum sem skrifstofustjóri Alþingis. Því embætti hafði hann gegnt frá árinu 1984. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum störf hans í þágu Alþingis í röska tvo áratugi. Miklar breytingar hafa orðið á þessum tíma, bæði á starfsháttum Alþingis og öllum rekstri þess. Þar lagði Friðrik Ólafsson ævinlega gott til mála og var ráðagóður. Hæverska hans og ljúfmennska er löngu þjóðkunn, bæði í störfum fyrir Alþingi og á fyrri starfsvettvangi hans, í skákinni. Honum og fjölskyldu hans fylgja góðar kveðjur og óskir frá Alþingi við starfslok.

*Helgi Bernóðsson,  
skrifstofustjóri.*

## *Skipan þingsins á 131. þingi 2004–2005*

---



*Á þingfundi föstudaginn 1. október 2004 var Halldór Blöndal, 2. þm. Norðausturkjördæmis, endurkjörinn forseti Alþingis.*

### *Forsætisnefnd Alþingis*

---

Halldór Blöndal,	forseti Alþingis,
Guðmundur Árni Stefánsson,	1. varaforseti,
Jónína Bjartmarz,	2. varaforseti,
Sólveig Pétursdóttir,	3. varaforseti,
Jóhanna Sigurðardóttir,	4. varaforseti,
Puríður Backman,	5. varaforseti,
Birgir Ármannsson,	6. varaforseti.

Forsætisnefnd hélt 26 fundi á 131. löggjafarþingi og forseti Alþingis hélt u.þ.b. 25 fundi með formönnum þingflokka.

## Pingmenn og þingflokkar á 131. þingi

Á 131. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 57 fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins u.þ.b. 60 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 63 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 53 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 51 fund.

Gunnar Örlygsson tilkynnti úrsögn úr þingflokki Frjálslynda flokksins 11. maí 2005 og gekk í þingflokk sjálfstæðismanna. Bryndís Hlöðversdóttir lét af þingmennsku 1. ágúst 2005, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók sæti hennar. Guðmundur Árni Stefánsson lét af þing-

mennsku 1. september 2005, Valdimar L. Friðriksson tók sæti hans. Ásgeir Friðgeirsson sem var fyrsti varaþingmaður kjördæmisins afsalaði sér varaþingmennsku. Alls tóku 30 varaþingmenn sæti á 131. löggjafarþingi, þar af 10 í fyrsta sinn.

### SKIPAN ÞINGFLOKKA

#### FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
2. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
3. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
4. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
5. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
6. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
7. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
8. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
9. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
10. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
11. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.

#### FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

1. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
2. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.<sup>1</sup>
3. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
4. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

#### SAMFYLKINGIN:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Ásta R. Jóhannsdóttir, 4. þm. Reykv. s.
4. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
5. Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir frá 1. ágúst 2005  
(varð 9. þm. kjördæmisins)
6. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
7. Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.  
Valdimar L. Friðriksson frá 1. september 2005  
(varð 9. þm. kjördæmisins)
8. Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.<sup>2</sup>
9. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.<sup>3</sup>
10. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
11. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
12. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
13. Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.<sup>4</sup>
14. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
15. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
16. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
17. Mörrður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
18. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.<sup>5</sup>
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.<sup>6</sup>
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

#### SJÁLFTÆÐISFLOKKUR:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.
2. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
3. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
4. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
5. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
6. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
7. Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.
8. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
9. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
10. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
11. Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.
12. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
14. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
15. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
16. Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.
17. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
18. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
19. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
20. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
21. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
22. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.

#### VINSTRI HREYFINGIN - GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
2. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
3. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
4. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
5. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

### SKIPAN ÞINGFLOKKA EFTIR KYNJUM VIÐ UPPHAF 131. LÖGGJAFARÞINGS

Þingflokkur	Karlar	Konur	Fjöldi
Framsóknarflokkur	8	4	12
Frjálslyndi flokkurinn	4		4
Samfylkingin	11	9	20
Sjálfstæðisflokkur	17	5	22
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	3	2	5
	43	20	63

<sup>1</sup> Í þingflokki sjálfstæðismanna frá 11. maí 2005. <sup>2</sup> 3. þm. kjördæmisins frá 1. ágúst 2005. <sup>3</sup> 5. þm. kjördæmisins frá 1. ágúst 2005. <sup>4</sup> 7. þm. kjördæmisins frá 1. september 2005.

<sup>5</sup> 2. þm. kjördæmisins frá 1. september 2005. <sup>6</sup> 4. þm. kjördæmisins frá 1. september 2005.



## STJÓRNIR ÞINGFLOKKA

### FRAMSÓKNARFLOKKUR:

Hjálmar Árnason formaður,  
Magnús Stefánsson varaformaður,  
Dagný Jónsdóttir ritari.

### FRJÁLISLYNDI FLOKKURINN:

Magnús Þór Hafsteinsson formaður,  
Sigurjón Þórðarson varaformaður,  
Gunnar Örlygsson ritari.<sup>1</sup>

### SAMFYLKINGIN:

Margrét Frímansdóttir formaður,  
Kristján L. Möller varaformaður,  
Ágúst Ólafur Ágústsson ritari.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

Einar K. Guðfinnsson formaður,<sup>2</sup>  
Arnbjörg Sveinsdóttir varaformaður,<sup>3</sup>  
Drífa Hjartardóttir ritari.

### VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT

#### FRAMBOÐ:

Ögmundur Jónasson formaður,  
Þuríður Backman varaformaður,  
Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

### BREYTINGAR Á RÍKISSTJÓRN

Á fundi ríkisstjórnar þann 27. september 2005 var tilkynnt um eftirfarandi breytingar á ráðherraskipan: Davíð Oddsson utanríkisráðherra lét af störfum og við ráðherradómi hans tók Geir H. Haarde. Árni M. Mathiesen var skipaður fjármálaráðherra og nýr sjávarútvegsráðherra varð Einar K. Guðfinnsson. Jafnframt lét Einar þá af þingflokksformennsku og við því starfi tók Arnbjörg Sveinsdóttir.

1 Tilkynnt var um úrsögn Gunnars Örlygssonar úr þingflokki Frjálslynda flokksins 11. maí 2005.

2 Hinn 27. september 2005 var Einar K. Guðfinnsson skipaður sjávarútvegsráðherra. Um leið lét hann af þingflokksformennsku.

3 Tilkynnt var um það á þingfundi 2. nóvember 2004 að Arnbjörg Sveinsdóttir yrði varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokks í stað Sigríðar A. Þórðardóttur. Við upphaf þings 2005 var tilkynnt að Arnbjörg Sveinsdóttir hefði verið kosin formaður þingflokks sjálfstæðismanna og Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður þingflokksins.

## VARAÞINGMENN SEM TÓKU SÆTI Á 131. ÞINGI

Varaþingmaður:	Stjórn mála- flokkur:	Aðalmaður:	Tímabil:
Atli Gíslason	Vg	Kolbrún Halldórsdóttir	07.03.-30.03.05
Álfheiður Ingadóttir	Vg	Ögmundur Jónasson	22.11.-06.12.04
Ásta Möller	S	Davíð Oddsson	11.10.04-14.02.05
		Davíð Oddsson	11.04.-25.04.05
Bjarkey Gunnarsdóttir*	Vg	Steingrímur J. Sigfússon	02.11.-17.11.04
Böðvar Jónsson*	S	Guðjón Hjörleifsson	11.10.-25.10.04
		Kjartan Ólafsson	25.10.-08.11.04
Einar Karl Haraldsson	Sf	Ágúst Ólafur Ágústsson	14.03.-02.05.05
Gísli S. Einarsson	Sf	Jóhann Ársællsson	08.11.-22.11.04
Guðjón Guðmundsson	S	Einar Oddur Kristjánsson	01.10.-25.10.04
		Einar K. Guðfinnsson	31.03.-18.04.05
Guðrún Inga Ingólfssdóttir	S	Geir H. Haarde	17.02.-07.03.05
Herdís Á. Sæmundardóttir*	F	Magnús Stefánsson	24.01.-07.02.05
Hilmar Gunnlaugsson*	S	Arnbjörg Sveinsdóttir	02.11.-18.11.04
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir*	Sf	Margrét Frímansdóttir	24.01.-07.02.05
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	Sf	Bryndís Hlöðversdóttir	31.01.-14.02.05
Ísólful Gylfi Pálmason	F	Hjálmar Árnason	25.10.-08.11.04
		Hjálmar Árnason	09.12.-10.12.04
		Hjálmar Árnason	01.04.-18.04.05
Jakob Frímánn Magnússon*	Sf	Ásta R. Jóhannesdóttir	09.12.-10.12.04
Katrín Ásgrímsdóttir*	F	Jón Kristjánsson	30.03.-13.04.05
Katrín Fjeldsted	S	Sigurður Kári Kristjánsson	11.10.-25.10.04
		Björn Bjarnason	30.11.-10.12.04
Krísturín Heimisdóttir*	Sf	Ágúst Ólafur Ágústsson	21.10.-08.11.04
Lára Margrét Ragnarsdóttir	S	Guðmundur Hallvarðsson	08.02.-24.02.05
Lára Stefánsdóttir	Sf	Kristján L. Möller	01.04.-18.04.05
Pétur Bjarnason	FI	Guðjón A. Kristjánsson	08.11.-22.11.04
Sigríður Ingvarsdóttir	S	Halldór Blöndal	02.11.-18.11.04
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir	FI	Gunnar Örlygsson	02.11.-16.11.04
Sigurrós Þorgrímsdóttir	S	Þorgerður K. Gunnarsdóttir	15.02.-02.03.05
		Sigríður A. Þórðardóttir	06.04.-25.04.05
		Árni M. Mathiesen	25.04.-09.05.05
Steinunn K. Pétursdóttir	FI	Sigurjón Þórðarson	29.11.-10.12.04
		Guðjón A. Kristjánsson	16.03.-04.04.05
Sæunn Stefánsdóttir*	F	Halldór Ásgrímsson	24.11.-08.12.04
Una María Óskarsdóttir*	F	Siv Friðleifsdóttir	18.04.-03.05.05
Valdimar L. Friðriksson	Sf	Rannveig Guðmundsdóttir	22.11.-06.12.04
		Katrín Júlíusdóttir	26.04.-10.05.05
Þórarinn E. Sveinsson	F	Jón Kristjánsson	15.11.-29.11.04
Örlygur Hnefill Jónsson	Sf	Einar Már Sigurðarson	11.10.-25.10.04

Þegar \* er aftan við nafnið merkir það að varamaður tekur sæti á Alþingi í fyrsta sinn.



Þing er sett 1. október ár hvert við hátíðlega athöfn. Halldór Ásgrímsson starfsaldursforseti stjórnaði þingsetningarfundi 131. þings þar til forseti þings hafði verið kjörinn.

Fastanefndir voru þannig skipaðar og embættum innan þeirra þannig skipt (röð fer eftir sæti á lista og hlutfalli milli þeirra):

### Allsherjarnefnd

Kjartan Ólafsson  
Bryndís Hlöðversdóttir<sup>1</sup>  
Jónína Bjartmarz varaformaður  
Birgir Ármannsson  
Ágúst Ólafur Ágústsson  
Sigurjón Þórðarson  
Bjarni Benediktsson formaður  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Guðrún Ögmundsdóttir

### Efnahags- og viðskiptanefnd

Pétur H. Blöndal formaður  
Össur Skarphéðinsson  
Dagný Jónsdóttir varaformaður

Birgir Ármannsson  
Jóhanna Sigurðardóttir  
Ögmundur Jónasson  
Gunnar Birgisson  
Siv Friðleifsdóttir  
Lúðvík Bergvinsson

### Félagsmálanefnd

Guðjón Hjörleifsson  
Jóhanna Sigurðardóttir  
Siv Friðleifsdóttir formaður  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
varaformaður  
Helgi Hjörvar  
Gunnar Örlygsson  
Pétur H. Blöndal  
Birkir J. Jónsson  
Katrín Júlíusdóttir

### Fjárlaganefnd

Einar Oddur Kristjánsson  
varaformaður  
Einar Már Sigurðarson  
Magnús Stefánsson formaður  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Jón Bjarnason  
Bjarni Benediktsson  
Birkir J. Jónsson  
Helgi Hjörvar  
Drífa Hjartardóttir  
Jón Gunnarsson

### Heilbrigðis- og trygginganefnd

Drífa Hjartardóttir varaformaður  
Ásta R. Jóhannesdóttir  
Jónína Bjartmarz formaður  
Pétur H. Blöndal

Ágúst Ólafur Ágústsson  
Puríður Backman  
Bjarni Benediktsson  
Siv Friðleifsdóttir  
Guðrún Ögmundsdóttir

#### Iðnaðarnefnd

Kjartan Ólafsson  
Jóhann Ársælsson  
Birkir J. Jónsson formaður  
Einar Oddur Kristjánsson  
varaformaður  
Ásta R. Jóhannesdóttir  
Sigurjón Þórðarson  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Guðmundur Hallvarðsson  
Einar Már Sigurðarson

#### Landbúnaðarnefnd

Drífa Hjartardóttir formaður  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Magnús Stefánsson varaformaður  
Einar Oddur Kristjánsson  
Lúðvík Bergvinsson  
Jón Bjarnason  
Guðmundur Hallvarðsson  
Dagný Jónsdóttir  
Þórunn Sveinbjarnardóttir

#### Menntamálanefnd

Gunnar Birgisson formaður  
Björgvin G. Sigurðsson  
Dagný Jónsdóttir varaformaður  
Kjartan Ólafsson  
Katrín Júlíusdóttir  
Kolbrún Halldórsdóttir  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Hjálmar Árnason  
Mörður Árnason

#### Samgöngunefnd

Guðmundur Hallvarðsson formaður  
Kristján L. Möller  
Hjálmar Árnason varaformaður  
Guðjón Hjörleifsson  
Bryndís Hlöðversdóttir<sup>1</sup>  
Guðjón A. Kristjánsson  
Arnbjörg Sveinsdóttir



Jón Bjarnason og Steingrímur J. Sigfússon, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, stínga saman neffum við þingsetningu 1. október 2004. Aðrir á myndinni eru Bjarni Benediktsson, Gunnar Birgisson, Birkir J. Jónsson, Puríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir.

Magnús Stefánsson  
Björgvin G. Sigurðsson

#### Sjávarútvegsnefnd

Guðjón Hjörleifsson formaður  
Jón Gunnarsson  
Kristinn H. Gunnarsson  
varaformaður<sup>2</sup>  
Einar K. Guðfinnsson  
Jóhann Ársælsson  
Magnús Þór Hafsteinsson  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
Hjálmar Árnason  
Kristján L. Möller

#### Umhverfisnefnd

Guðlaugur Þór Þórðarson formaður  
Rannveig Guðmundsdóttir  
Kristinn H. Gunnarsson  
varaformaður<sup>2</sup>  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Mörður Árnason  
Kolbrún Halldórsdóttir  
Kjartan Ólafsson  
Gunnar Birgisson  
Þórunn Sveinbjarnardóttir

#### Utanríkismálanefnd

Sólveig Pétursdóttir formaður  
Guðmundur Árni Stefánsson<sup>3</sup>  
Siv Friðleifsdóttir varaformaður  
Drífa Hjartardóttir  
Rannveig Guðmundsdóttir  
Steingrímur J. Sigfússon  
Einar K. Guðfinnsson  
Jónína Bjartmarz  
Þórunn Sveinbjarnardóttir  
Sigurður Kári Kristjánsson varamaður  
Ágúst Ólafur Ágústsson varamaður  
Hjálmar Árnason varamaður  
Guðlaugur Þór Þórðarson varamaður  
Bryndís Hlöðversdóttir varamaður<sup>1</sup>  
Guðjón A. Kristjánsson varamaður  
Gunnar Birgisson varamaður  
Dagný Jónsdóttir varamaður  
Össur Skarphéðinsson varamaður

- 1 Bryndís Hlöðversdóttir lét af þingmennsku 1. ágúst 2005.
- 2 Tilkynnt var um það á þingfundi 16. febrúar 2005 að Kristinn H. Gunnarsson tæki sæti Birkis J. Jónssonar í sjávarútvegsnefnd og sæti Magnúsar Stefánssonar í umhverfisnefnd.
- 3 Guðmundur Árni Stefánsson lét af þingmennsku 1. september 2005.



Ráðherrar sem sátu á vinstri hönd þingforseta á ráðherrabekknunum á 131. þingi eru, talið frá vinstri, Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, Árni M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra, Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Sigríður A. Þórðardóttir, umhverfisráðherra.

Alþjóðanefndir voru þannig skipaðar og embættum innan þeirra þannig skipt (röð fer eftir sæti á lista og hlutfalli milli þeirra):

#### Íslandsdeild

##### Alþjóðaþingmannasambandsins

Einar K. Guðfinnsson formaður  
Kristján L. Möller  
Hjálmar Árnason varaformaður

##### Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA

Gunnar Birgisson formaður  
Bryndís Hlöðversdóttir<sup>1</sup>  
Kristinn H. Gunnarsson  
varaformaður<sup>2</sup>  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
Lúðvík Bergvinsson

##### Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins

Sólveig Pétursdóttir formaður  
Össur Skarphéðinsson  
Siv Friðleifsdóttir varaformaður

##### Íslandsdeild NATO-þingsins<sup>3</sup>

Einar Oddur Kristjánsson  
varaformaður  
Guðmundur Árni Stefánsson  
formaður<sup>4</sup>  
Magnús Stefánsson

##### Íslandsdeild Norðurlandaráðs

Drífa Hjartardóttir varaformaður  
Rannveig Guðmundsdóttir  
Jónína Bjartmarz formaður  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Ásta R. Jóhannesdóttir  
Steingrímur J. Sigfússon  
Sigurður Kári Kristjánsson

##### Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál

Einar K. Guðfinnsson formaður  
Þórunn Sveinbjarnardóttir  
Magnús Stefánsson varaformaður

##### Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins

Birgir Ármannsson formaður  
Guðrún Ögmundsdóttir  
Hjálmar Árnason varaformaður  
Kjartan Ólafsson  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Magnús Þór Hafsteinsson

##### Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins

Bjarni Benediktsson formaður  
Bryndís Hlöðversdóttir<sup>1</sup>  
Guðjón Hjörleifsson varaformaður

##### Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu

Pétur H. Blöndal formaður  
Jóhanna Sigurðardóttir  
Dagný Jónsdóttir varaformaður

1 Bryndís Hlöðversdóttir lét af þingmennsku 1. ágúst 2005.

2 Þann 16. febrúar 2005 tók Kristinn H. Gunnarsson sæti Birkis J. Jónssonar og 23. febrúar var tilkynnt að hann yrði varaformaður.

3 Einar Oddur Kristjánsson var formaður til 20. febrúar 2005 og Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður en þann dag tók Guðmundur við embætti formanns og Einar varaformanns.


4 Guðmundur Árni Stefánsson lét af þingmennsku 1. september 2005.

Forseti Íslands setti 131. löggjafarþing fyrsta dag októbermánaðar 2004. Þingfundir stóðu frá 1. október til 10. desember 2004 og frá 24. janúar til 11. maí 2005. Þingfundadagar voru alls 101, þingfundir urðu 134 og stóðu þeir samtals í 568 klst. Lengsti þingfundurinn stóð í rúmlega 16 klst. Vikan 25. október til 1. nóvember var kjördæmavika og lágu þingfundir þá niðri svo að þingmönnum gæfist tækifæri til fundarhalds í kjördæmum. Þá voru nær 11 dagar eingöngu helgaðir nefndastarfi, en nefndafundir voru auk þess að morgni flestalla þingfundadaga.

## ÞINGMÁL

Breytingar á sköttum, samgöngumál og samkeppnislög voru þau mál sem mest voru rædd á 131. þingi fyrir utan fjárlagaumræðuna. Mikil umræða fór einnig fram um skráningargjöld í háskólum, skattskyldu orkufyrirtækja og jafnframt um breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Lagafrumvörp voru samtals 198 á þinginu. Stjórnarfrumvörp voru 105 og þingmannafrumvörp 85. Frumvörp frá nefndum voru átta. 93 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, óútrædd stjórnarfrumvörp voru 12. Átta þingmannafrumvörp urðu að lögum, tvö flutt af



## ÞINGMÁL Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Lagafrumvörp
Ríkisstjórnin	Frumvörp alls: 105 Lög: 93 (afgreidd samhljóða 41, með ágreiningi 52) Óafgreidd: 12
Stjórnarþingmenn	Frumvörp alls: 20 Lög: 0 Óafgreidd: 20
Stjórnarandstöðuþingmenn	Frumvörp alls: 65 Lög: 2 (afgreidd samhljóða) Óafgreidd: 63
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Frumvörp alls: 8 Lög: 6 (afgreidd samhljóða 5, með ágreiningi 1) Óafgreidd: 2
Flutningsmenn	Pingsályktunartillögur
Ríkisstjórnin	Pingsályktunartillögur alls: 18 Pingsályktanir: 18 (afgreiddar samhljóða 15, með ágreiningi 3)
Stjórnarþingmenn	Pingsályktunartillögur alls: 28 Pingsályktanir: 1 (afgreidd með ágreiningi) Óafgreiddar: 27
Stjórnarandstöðuþingmenn	Pingsályktunartillögur alls: 99 Pingsályktanir: 0 Kölluð aftur: 1 Vísað til ríkisstjórnar: 1 Óafgreiddar: 97
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Pingsályktunartillögur alls: 1 (afgreidd samhljóða)
Flutningsmenn	Fyrirspurnir
Stjórnarþingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 43 (þar af svarað 38, ekki svarað 1, kallaðar aftur 4) Skriflegar fyrirspurnir: 24 (öllum svarað) Óundirbúnar fyrirspurnir: 7
Stjórnarandstöðuþingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 206 (þar af svarað 187, ekki svarað 13, kallaðar aftur 6) Skriflegar fyrirspurnir: 173 (þar af svarað 163, ekki svarað 10) Óundirbúnar fyrirspurnir: 39
Flutningsmenn	Skýrslur (skriflegar)
Ríkisstjórn	Skýrslur: 34 (þar af 2 skýrslur samkvæmt beiðni)
Nefnd	Skýrslur: 9 (frá alþjóðanefndum)



þingmönnum og sex flutt af nefnd. 85 voru óútrædd. Af 198 frumvörpum varð alls 101 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 146. Stjórnartillögur voru 18 og þingmannatillögur voru 128. Tuttugu tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, þar af voru 18 frá ríkisstjórninni og tvær frá þingmönnum. Einni þingmannatillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar og ein kölluð aftur.

Bornar voru fram 446 fyrirspurnir á þingskjöllum. Af þeim var 412 svarað. Óskað var eftir munnlegu svari við 249 fyrirspurnum og af þeim var 225 svarað, 10 voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 197 fyrirspurnum og bárust 187 svör. Óundirbúnað, munnlegar fyrirspurnir til ráðherra skv. 49. gr. þingskapa voru 46, 39 komu frá stjórnarandstöðuþingmönnum en sjö frá stjórnarliðum.


Skýrslur voru samtals 34, 26 voru lagðar fram á þingskjöllum og af þeim bárust tvær samkvæmt beiðni. Alls voru beiðnir um skýrslur fjórar á þinginu. Munnlegar skýrslur ráðherra voru sex og að auki mælti forseti Alþingis fyrir tveim skýrslum, þ.e. skýrslu umboðsmanns Alþingis og skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Umræður utan dagskrár voru 45 og hófu stjórnarandstöðuþingmenn 38 þeirra en stjórnarliðar sjö. Umræður um störf þingsins í upphafi þingfundar fóru fram 39 sinnum.



124. og 129. þing voru stutt aukþing og eru ekki með í yfirlitinu.

Atkvæðagreiðslur voru alls 1630, meðferðar í þinginu 818 mál. Tala flestar fóru fram með rafrænum hætti en sex fóru fram með nafnakalli. Alls voru til prentaðra þingskjala var 1486.



## ÞINGFUNDIR

Á 131. þingi var heildarfundartími 568 klst. Mestur tími fer jafnan í umræður um frumvörp til laga og tóku þær 311 klst., næstmestu af tíma þingsins er varið til umfjöllunar um þingsályktunartillögur en umræður um þær tóku 73 klst. Svör við fyrirspurnum taka einnig drjúgan tíma og fóru 55 klst. í fyrirspurnir. Nánari skiptingu fundartíma á 131. löggjafarþingi má sjá í skífuritinu á bls. 14.

Í töflum um skiptingu ræðutíma milli umræðna og skiptingu ræðna eftir stjórn

### SKIPTING RÆÐUTÍMA MILLI UMRÆÐNA UM AFGREIDD LAGAFRUMVÖRP

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
1. umræða	1552	103
2. umræða	1665	125
3. umræða	541	33

### SKIPTING RÆÐNA MILLI STJÓRNAR- OG STJÓRNARANDSTÖÐU-ÞINGMANNA

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
Stjórnarþingmenn	3729	194
Stjórnarandstöðu-þingmenn	4707	331

og stjórnarandstöðu eru allar ræður, svo sem andsvör, athugasemdir og þegar þingmenn gera grein fyrir atkvæðum sínum, tekna með.

### TÍU MEST RÆDDU MÁLIN Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

Heiti máls	Tími í klst.
Fjárlög 2005	32
Tekjuskattur og eignarskattur (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.)	23
Afnám laga um Tækniháskóla Íslands	17
Samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008	16
Samkeppnislög	15
Fjárukaalög 2004	13
Frumvörp um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri	11
Sveitarstjórnarlög (kjördagur, sameining sveitarfélaga)	9
Skattskylda orkufyrirtækja	8
Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál	7



Í þingbléi sumarið 2004 var mikil vinna og alúð lögð í viðgerðir á skreytingum í lofti þingsalarins. Hér sést málarí nostrá við mynsturborða.



Fyrir nokkrum árum voru teppi fjarlægð af stigum í Alþingishúsinu en nýverið var skipt um gólfefni fyrir framan þingsalinn og lagt parket með tígla-myndri.

#### ÞINGNEFNDIR

Á 131. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundadagana. Þá voru til viðbótar 11 dagar ætlaðir nær eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 329 fundi sem stóðu í samtals 493 klst. Samtals komu 1463 gestir á fundi fastanefndanna og 239 þingmálum var vísað til þeirra.

Nefndirnar sendu 4372 beiðnir um umsagnir um samtals 72 þingmál og bárust tæp 2400 erindi. Að auki bárust 108 erindi um önnur mál en þingmál.

Af þeim 239 þingmálum, sem vísað var til nefnda, voru 158 lagafrumvörp, þar af 101 frá ríkisstjórn en 57 flutt af þingmönnum. Einni skýrslu frá fjármálaráðherra var einnig vísað til nefndar.

Nefndirnar afgreiddu með nefndarálit 100 lagafrumvörp, 96 stjórnarfrumvörp en fjögur þingmannafrumvörp.

Af þingsályktunartillögum, sem vísað var til nefnda, voru 16 frá ríkisstjórn en 62 frá þingmönnum.

Alls voru 16 stjórnartillögur afgreiddar með nefndarálit en tvær þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, en þær voru tvær á þinginu, voru afgreiddar við eina umræðu og var þeim ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 121 þingmáli, sjö frá ríkisstjórn (sex frumvörp og ein skýrsla) og 114 frá þingmönnum.

Fastanefndir (eða meiri hlutar þeirra) fluttu átta frumvörp og eina þingsályktunartillögu í eigin nafni en tvö frumvörp hlutu ekki lokaafgreiðslu. Engin nefnd skilaði skýrslu um mál sem taka má upp að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 26. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Nánari upplýsingar um nefndarfundi og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála, og skiptingu þeirra milli fastanefndanna 12 er að finna í töflu um nefndastörf á 131. þingi.

#### NEFNDASTÖRF Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

Fundir	Fundartími (klst.)	Mál til nefnda	Afgreidd mál	Nefndarálit		Umsagnar-beiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Mál flutt af nefnd	
				Samhljóða	Agreiningur					
Allsherjarnefnd	39	56	41	15	12	3	515	295	129	5
Efnahags- og viðskiptanefnd	41	81	58	32	17	15	1116	509	245	1
Félagsmálanefnd	22	29	17	5	5	0	334	111	53	0
Fjárlaganefnd	37	69	4	4	0	4	0	511	396	0
Heilbrigðis- og trygginganefnd	21	33	11	5	4	1	384	155	78	1
Iðnaðarnefnd	24	31	9	6	3	3	230	92	131	1
Landbúnaðarnefnd	16	24	11	6	3	3	334	93	65	0
Menntamálanefnd	30	33	25	7	1	6	457	149	92	0
Samgöngunefnd	29	44	17	9	7	2	538	251	137	0
Sjávarútvegsnefnd	18	25	10	7	4	3	159	66	30	0
Umhverfisnefnd	29	38	15	8	6	2	278	130	66	1
Utanríkismálanefnd	21	28	16	14	12	2	27	17	40	0
Sérnefnd	2	2	5	0	0	0	0	0	1	0
Alls	329	493	239	118	74	44	4372	2379	1463	9



## FERÐIR FASTANEFNDA INNAN LANDS Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

Nefnd	Staður og tilefni
Samgöngunefnd	<b>Austurland</b> – kynnti sér framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði, jarðgangagerð eystra og umbætur í vegamálum. Einnig hvernig reglum um flugvernd og siglingavernd er framfylgt við höfnina á Seyðisfirði og flugvöllinn á Egilsstöðum. Ný Norrænu-ferja skoðuð. 23.–24. maí 2005
Heilbrigðis- og trygginganefnd	<b>Vesturland og Vestfirðir</b> – kynnti sér starfsemi og aðstöðu heilbrigðisstofnana, heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og öldrunarstofnana og hitti starfsfólk þeirra. 5.–6. september 2005
Landbúnaðarnefnd	<b>Borgarfjörður</b> – heimsótti starfsstöðvar hins nýstofnaða Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum, Keldnaholti og Hvanneyri og hitti starfsfólk skólans, kynnti sér starfsemi hans og þær breytingar sem sameining Garðyrkjuskólans á Reykjum, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hefði haft í för með sér. 12. september 2005
Fjárlaganefnd	<b>Gamla Vesturlandskjördæmi</b> – hitti sveitarstjórnir, skoðaði Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði og talaði við fulltrúa St. Franciskusspítala í Stykkishólmi. Í Reykholti var fundur með sveitarstjórnar- og skólamönnum Borgarfjarðar. 13.–14. september 2005



Á 131. þingi fóru fjórar fastanefndir í lengri vettvangsferðir sem sjá má í yfirlitstöflu um ferðir fastanefnda. Þá hafa fastanefndir farið í nokkrar styttri heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágranni þess.

Utanríkismálanefnd sótti fjóra fundi út fyrir landsteinana á 131. þingi. Á dagsskrá samráðsfunda formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í janúar og apríl voru m.a. samskipti við Rússland, öryggis- og varnarmál, stækkun Evrópusambandsins, stefna þess í málefnum grannríkja sinna, málefni NATO, hryðjuverk og aðgerðir gegn útbreiðslu gereyðingarvopna. Á samráðsfundi utanríkismálanefndar Alþingis og þingmannanefndar Evrópuþingsins í júní var m.a. rætt um stöðu stjórnarskrár Evrópusambandsins, fiskveiðimál, öryggis- og varnarmál og umhverfismál. Á fundi með Evrópunefnd tékkneska þingsins í júní var ítarlega rætt um samstarf ríkjanna innan NATO, öryggis- og varnarmál, stöðu stjórnarskrár Evrópusambandsins, viðskipti, landbúnaðar-, vinnumarkaðs- og jafnréttismál auk tvíhliða samskipta ríkjanna.

*Fjárlaganefnd hefur nýtt sér sjarfundabúnað á fundum sínum. Hér sitja þingmenn nefndarinnar í húskynnum Alþingis á tali við gesti.*



*Halldór Blöndal, forseti Alþingis, og George Reid, forseti skoska þingsins, virða fyrir sér gjöf Alþingis til skoska þingsins í vinnuheimsókn þangað í júní 2005. Verkið er eftir Sigurð Guðmundsson og heitir Egg heiðargesarinnar. Á eggji er letnað: Með lögum skal land byggja.*

Forseti Alþingis fór í þrjár opinberar heimsóknir og eina vinnuheimsókn á 131. löggjafarþingi og sótti að vanda fundi þingforseta. Hann tók jafnframt þátt í hátíðahöldum á vegum erlendra þinga. Snar þáttur í starfi forseta Alþingis er ævinlega að sinna samskiptum við önnur þing og ýmsa gesti Alþingis.

Forseti Alþingis tekur á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu ár hvert, bæði forsetum annarra þinga og erlendum þingsendinefndum, sem og öðrum gestum. Þá heimsækja margir gestir annarra stjórnvalda forseta Alþingis.

## HEIMSÓKNIR OG FUNDIR FORSETA ALÞINGIS Í ÚTLÖNDUM Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

<b>París</b> 6. október 2004	Fyrirlestur Tómasar Inga Olrichs um Alþingi í franska senatinu í tengslum við íslenska menningarhátíð. <i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, og Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri.</i>
<b>Edinborg</b> 8.–10. október 2004	Opnun nýs þinghúss Skota. <i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, og Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri.</i>
<b>Stokkhólmur</b> 1.–2. nóvember 2004	Fundur norræna þingforseta í tengslum við Norðurlandaráðsþing. <i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri, og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Opinber heimsókn í japanska þingið.</b> 11.–16. nóvember 2004	<i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, alþingismennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Opinber heimsókn í kínverska þingið.</b> 10.–18. janúar 2005	<i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, varaforsetarnir Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz og Sólveig Pétursdóttir og forstöðumaður alþjóðasviðs, Belinda Theriault.</i>
<b>Hátíðahöld í tilefni af 15 ára sjálfstæðisafmæli Litháens.</b> 11. mars 2005	<i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, og Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri.</i>
<b>Opinber heimsókn í danska þingið.</b> 28.–29. apríl 2005	<i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti, Einar K. Guðfinnsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Hjálmar Árnason, formaður þingflokks framsóknarmanna, og Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri.</i>
<b>Fjón</b> 2.–4. maí 2005	Fundur þingforseta Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja. <i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri, og Stígur Stefánsson, alþjóðaritari.</i>
<b>Edinborg</b> 2.–4. júní 2005	Vinnuheimsókn. <i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, alþingismennirnir Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson og Vigdís Jónsdóttir, forstöðumaður þingfundasviðs.</i>
<b>Ósló</b> 6.–8. júní 2005	Hátíðahöld í tilefni af 100 ára sjálfstæðisafmæli Noregs. <i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, og Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri.</i>
<b>Ósló</b> 12.–14. júní 2005	Vinnuheimsókn forsætisnefndar. <i>Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, varaforsetarnir Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz og Birgir Ármannsson og Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri.</i>

<b>Kíl</b> 18.–21. júní 2005	Kílarvíka. 6. varaforseti Alþingis, Birgir Ármannsson.
<b>Mön</b> 2.–6. júlí 2005	Setning Manarþings. 5. varaforseti Alþingis, Þuríður Backman, og Hafdís Þórólfsdóttir, ritari forseta Alþingis.
<b>Færeyjar</b> 19.–22. ágúst 2005	Fundur vestnorrænna þingforseta. Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, og Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri.
<b>New York</b> 7.–9. september 2005	Fundur þingforseta aðildarríkja Alþjóðþingmannasambandsins. Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri, og Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.
<b>Heimsókn norrænna og baltneskra þingforseta til Úkraínu.</b> 30. september 2005	5. varaforseti Alþingis, Þuríður Backman, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu.



Forseti eistneska þingsins, Ene Ergma, lagði land undir fót með Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, þegar hún kom hingað í opinbera heimsókn í júní 2005. Hér eru þau í hóffari Sleipnis, Ásbyrgi, í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

#### ERLEND SAMSKIPTI FASTANEFNDA Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

<b>Ósló</b> 11. janúar 2005	Samráðsfundur formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Varaformaður utanríkismálanefndar
<b>Helsinki</b> 13.–15. apríl 2005	Samráðsfundur formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Formaður utanríkismálanefndar
<b>Tékkland</b> 12.–14. júní 2005	Fundur með Evrópunefnd og fyrsta varaforseta tékkneska þingsins. Utanríkismálanefnd
<b>Brussel</b> 15. júní 2005	Samráðsfundur utanríkismálanefndar Alþingis og þingmannanefndar Evrópuþingsins. Utanríkismálanefnd

#### ERLENDAR HEIMSÓKNIR TIL ALÞINGIS Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

Sylvia Heal, varaforseti neðri málstofu breska þingsins. Opinber heimsókn.	6.–9. október 2004
Ungir sænskir þingmenn í vinnuheimsókn.	10.–13. október 2004
Zhang Jun, varadómsmálaráðherra Kína, ásamt sendinefnd.	8. nóvember 2004
Youssef Ouedraogo, utanríkisráðherra Burkina Faso.	2. febrúar 2005

Philip Bailhache, forseti þingsins á Jersey, ásamt sendinefnd.	20. maí 2005
Rússneskir þingmenn í námsheimsókn í boði Norðurlandaráðs.	23. maí 2005
Indverskir þingmenn úr fylgdarliði forseta Indlands.	30. maí 2005
Fylkisþingmenn frá Mecklenburg-Vorpommern.	1. júní 2005
Fulltrúar frá ríkisendurskoðun Kína.	13. júní 2005
Sendinefnd frá héraðsþingi Sesúan.	20. júní 2005
Ene Ergma, forseti eistneska þingsins. Opinber heimsókn.	27.–30. júní 2005

#### ALÞJÓÐLEGIR FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR Á ÍSLANDI Á VEGUM ALÞINGIS

Ráðstefna í tilefni 10 ára afmælis EES-samningsins.	Október 2004
Fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs.	Mars 2005
Fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins.	Apríl 2005
Fundir þingmannanefndar EES.	Apríl 2005
Ársfundur Vestnorræna ráðsins.	Ágúst 2005
Fundur jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins.	September 2005



Alþingi tekur þátt í starfi nýu fjölþjóðlegra þingmannanefnda og á yfirliti um störf alþjóðanefnda má sjá lista yfir helstu fundi og ráðstefnur sem hver Íslandsdeild sótti. Einstakir nefndarmenn sækja jafnframt ráðstefnur og nefndarfundi sem ekki er tíundað hér, en má finna í ársskýrslu hvernar nefndar.

Alþingismenn tóku að sér margvísleg trúnaðarstörf á vegum alþjóðasamtaka á 131. þingi. Rannveig Guðmundsdóttir var kosin forseti Norðurlandaráðs til eins árs en Íslandsdeildin gegnir þar formennsku fimmta hvert ár. Jónína Bjartmarz var jafnframt kosin varaforseti. Drífa Hjartardóttir var formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs og Steingrímur J. Sigfússon varaformaður hennar. Einar K. Guðfinnsson var formaður nefndar Alþjóðþingmanna-sambandsins um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál til apríl 2005, en var eftir það varaformaður í samræmi við skiptireglu sem gildir innan sambandsins. Össur Skarphéðinsson var skipaður skýrsluhöfundur hjá Evrópuráðsþinginu og hóf vinnu við skýrslu um málefni starfsmannaleigna.

Birgir Ármannsson var formaður Vestnorræna ráðsins. Guðlaugur Þór Þórðarson var skipaður skýrsluhöfundur hjá þingmannanefnd EFTA og hóf vinnu við skýrslu um umhverfismál.

*Fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins var haldinn á Hótel Nordica laugardaginn 2. apríl 2005, í fyrsta sinn hér á landi síðan 1997. Þátttakendur voru um 100, bæði þingmenn og starfsmenn þjóðþinga aðildarríkjanna 26, auk embættismanna NATO-þingsins. Magnús Stefánsson og Guðmundur Árni Stefánsson, formaður Íslandsdeildar, sátu fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar ásamt Andra Lütherssyni, alþjóðaritari.*

## STÖRF ALÞJÓÐANEFNDA Á 131. LÖGGJAFARÞINGI


<b>Íslandsdeild Alþjóða- þingmannasambandsins</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 864.</i> WTO-ráðstefna í Brussel í nóvember 2004 og þing í apríl 2005 í Maníla.
<b>Íslandsdeild þingmanna- nefndar EFTA</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 860.</i> Fundir í Brussel í nóvember 2004, apríl og september 2005, Genf í október 2004, Ankara í febrúar 2005 og í Liechtenstein í júní 2005.
<b>Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 825.</i> Fjórir þingfundir í Strassborg; í október 2004, janúar, apríl og júní 2005.
<b>Íslandsdeild NATO-þingsins</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 859.</i> Ársfundur í Fenejum í nóvember 2004 og vorfundur í Ljubljana í maí 2005.
<b>Íslandsdeild Norðurlandaráðs</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 830.</i> Norðurlandaráðsþing í Stokkhólmi í nóvember 2004. Reglulegir fundir Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í janúar 2005, Bodø í júní 2005 og Karlstad í september 2005. Sameiginlegur fundur Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í Þärnu í apríl 2005.
<b>Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 873.</i> Samtals 10 fundir.
<b>Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 855.</i> Þemaráðstefna í Þórshöfn í júní 2005 og ársfundur á Ísafirði í ágúst 2005.
<b>Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusam- bandsins</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 824.</i> þing í París í nóvember 2004 og í júní 2005.
<b>Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnu- stofnunar Evrópu</b>	<i>Sjá nánar um störf deildarinnar í þskj. nr. 823.</i> Vetrarfundur í Vínarborg í febrúar 2005 og ársfundur í Washington í júlí 2005.

## ÞÁTTTAKA ÞINGMANNA Í RÁÐSTEFNUM OG FUNDUM ERLENDIS (ÖÐRUM EN FUNDUM ALÞJÓÐANEFNDA) Á 131. ÞINGI

<b>New York</b> 10.–22. október 2004	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. <i>Einar Már Sigurðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Guðjón Hjörleifsson.</i>
<b>New York</b> 24. október til 5. nóvember 2004	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. <i>Kjartan Ólafsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Hjálmar Árnason.</i>



*Gagngerar endurbætur hafa farið fram á þinghúsinu undanfarin ár. Vinnupallar voru reistir í efrideildarsalnum til að hægt væri að loka svölunum þaðan sem gestir gátu áður fylgst með fundum í efri deild. Nú er aðstaða fyrir fréttamenn bak við þilið.*



*Guðmundur Magnússon, formaður starfsnefndar Sjálfsbjargar um ferlimál, og Sigurður Einarsson, arkitekt hjá Batteríinu, fara fyrstu ferð með nýrri lyftu sem komið var fyrir í Alþingishúsinu í september 2005.*

# Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning



Þingmenn og starfsmenn Alþingis nýta sér upplýsingar af vef Alþingis rétt eins og þúsundir annarra. Með þingmönnum Steingrími J. Sigfússyni og Einari K. Guðfinnssyni eru á myndinni Einar Farestevit, forstöðumaður nefndasviðs, Sigurður Jónsson, aðstoðarforstöðumaður þingfundasviðs, og Elín Valdis Þorsteinsdóttir, nefndarritari.

Útgáfuefni Alþingis er fjölbreytt. Sumt er fyrst og fremst hugsað til innanhússnota en flest er jafnframt ætlað almennum notendum. Ýmislegt, t.d. starfsáætlun og ársskýrslan, er jafnframt aðgengilegt á vef Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

## VEFUR ALÞINGIS

Gestir á vef Alþingis voru flestir í maí og nóvember árið 2004 eða á sama tíma og annir á þinginu eru í hámarki. Gestum fækkar í þinghléum og urðu fæstir í júlí. Flettingar voru 4.122.091 á árinu (343.508 á mánuði) í 824.709 innlitum

## Heimsóknir á vef Alþingis árið 2004

Mánuðir	Gestir	Innlit	Flettingar
janúar	23.133	65.936	270.602
febrúar	24.822	78.446	380.846
mars	24.581	80.597	380.662
apríl	24.340	75.184	369.794
maí	27.200	95.143	479.464
júní	17.572	47.519	204.247
júlí	13.788	40.286	169.195
ágúst	14.316	37.807	186.130
september	19.843	62.276	338.711
október	23.824	77.258	436.120
nóvember	30.428	95.997	542.604
desember	23.155	68.260	363.716
Samtals	267.002	824.709	4.122.091

yfir árið (68.726 á mánuði). Tæplega 400 fyrirspurnir bárust í tölvupósti til ritstjóra vefs Alþingis árið 2004. Langflestar vörðuðu leit að þingmálum, ræðum og öðru efni sem tengist þingstörfunum.

## HEIMSÓKNIR SKÓLANEMA OG ANNARRA HÓPA Í ALÞINGISHÚSIÐ

Árið 2004 komu 3.272 gestir í Alþingishúsið, það er rúmlega 2.000 gestum færra en síðustu tvö ár á undan. Flestir gestanna eru nemendur sem koma í skipulögðum heimsóknum á vegum skóla, framhaldsskólanemar voru 1.017, grunnskólanemar 984 og háskólanemar 243. Vegna framkvæmda í Alþingishúsinu var ekki hægt að taka á móti gestum í rúma fjóra mánuði, frá maílokum og út september. Í fyrrgreindum tölum eru hvorki taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundi né gestir þingforseta.

## SKJALAAFGRÆÐSLA FYRIR ALMENNING

Fyrirspurnir í síma til skjalaafgreiðslu voru alls 1.274 en árið áður voru þær 1.908. Gestir skjalaafgreiðslu voru 294 en 2003 voru þeir 401. Fækkun gestakoma í skjalaafgreiðslu er talin vera vegna þess að þeim fjölgar stöðugt sem afla sér sjálfir upplýsinga á vef Alþingis.

## EFNI ÚTGEFIÐ AF ALÞINGI Á 131. LÖGGJAFARÞINGI

Staða þingmála	Kemur út vikulega á meðan þingfundir standa.
Velkomin á þingpallana	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum.
Hagfréttir upplýsingaþjónustu	Kemur út vikulega allt árið.
Starfsáætlun Alþingis	Kemur út við upphaf þings í október.
Yfirlit yfir fastanefndir	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum.
Yfirlit yfir alþjóðanefndir	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar sinnum.
Bústaðalisti alþingismanna	Nóvember 2004
Símaskrá Alþingis	Október 2004
Ársskýrsla Alþingis 2003–2004	Desember 2004
Alþingistíðindi 2004–2005	September - desember 2005

## SKIPURIT SKRIFSTOFU ALÞINGIS



### NÝR SKRIFSTOFUSTJÓRI

Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri Alþingis lét af störfum 20. janúar 2005 fyrir aldurs sakir, en hann varð sjötugur síðar í mánuðinum. Forsætisnefnd samþykkti einróma á fundi sínum 4. janúar 2005 að ráða Helga Bernóðusson aðstoðarskrifstofustjóra í starf skrifstofustjóra, en alls sóttu þrjú um starfið. Helgi varð aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis 1996. Frá 1989 til 1996 var hann forstöðumaður þingmálasviðs, sem var áður annað af tveimur meginsviðum skrifstofunnar, og staðgengill skrifstofustjóra frá 1993. Helgi hefur verið í fullu starfi hjá Alþingi síðan 1983 þegar hann var ráðinn deildarstjóri á skrifstofu þingsins, en hann var jafnframt í hlutastarfi hjá Alþingi 1973–78 samhliða námi.

### YFIRSTJÓRN, NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

Líkt og á undanförnum árum hélt yfirstjórn skrifstofunnar vikulega fundi á meðan þing sat, en færri fundir voru í þinghléi. Fundir voru yfirleitt haldnir fyrir hádegi á þriðjudögum og stóð hver fundur að jafnaði í eina til tvær klukkustundir. Á 131. þingi hélt yfirstjórn alls 43 fundi. Fram til 20. janúar 2005 var yfirstjórn skipuð Friðriki Ólafssyni, skrif-

stofustjóra, Helga Bernóðussyni, aðstoðarskrifstofustjóra, og Karli M. Kristjánssyni, rekstrar- og fjármálastjóra. Þá sat Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu, fundi yfirstjórnar sem ritari hennar.

Þann 25. janúar var gerð sú breyting á skipan yfirstjórnar að Vigdís Jónsdóttir, forstöðumaður þingfundasviðs, og Þorsteinn Magnússon tóku sæti í henni, en fyrir voru Helgi Bernóðusson og Karl M. Kristjánsson. Þá ákvað skrifstofustjóri að fresta um sinn ákvörðun um ráðningar í stöður aðstoðarskrifstofustjóra og forstöðumanns upplýsinga- og tæknisviðs þar sem ekki lá fyrir hvort gerðar yrðu frekari breytingar á skipulagi skrifstofunnar. Haukur Arnþórsson, forstöðumaður upplýsinga- og tæknisviðs, lét af störfum 1. október 2004 og tók Karl M. Kristjánsson þá við umsjón með starfsemi sviðsins til bráðabirgða. Þann 1. ágúst 2005 tók svo Hafdís Ólafsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs, við starfi lögfræðilegs ráðgjafa fyrir forseta og yfirstjórn.

Á fundi yfirstjórnar 16. nóvember 2004 var skipaður þriggja manna vinnuhópur (nefndur ársskýrslunefnd) til að gera tillögur um breytingar á útgáfu ársskýrslu Alþingis. Tillögur vinnuhóps-

ins liggja til grundvallar við útgáfu ársskýrslu fyrir þingárið 2004–2005. Þá voru starfandi vinnuhópar sem komu að endurgerð upplýsingakerfis þingsins. Í hópunum var starfsfólk frá tölvudeild, þingfundasviði og nefndasviði.

### ENDURMENNTUNARLEYFI

Á árinu 2004 var einn starfsmaður í fullu námsleyfi og annar tók hluta námsleyfis ársins 2003 á árinu 2004. Sigurlín Hermannsdóttir, ritstjóri ræðuhluta Alþingistíðinda, var í námsleyfi í sex mánuði fyrir helming ársins. Námsleyfið nýtti Sigurlín til tveggja mánaða spænskunáms við Instituto Cervantes á Spáni og sótti auk þess námskeið við Háskóla Íslands í fjóra mánuði í spænsku, íslensku og listasögu. Páll Haraldsson, forstöðumaður rekstrarskrifstofu, var einnig í námsleyfi í tvo mánuði á síðari helmingi ársins, en hann hafði tekið fyrri hluta námsleyfisins á árinu 2003. Páll nýtti námsleyfið til að ljúka MS-prófi frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Námsleyfi þessi eru í samræmi við ákvæði í kjarasamningi Félags starfsmanna Alþingis og forseta Alþingis.

### FRÆÐASAMFÉLAG STARFSMANNA

Innan skrifstofunnar er starfandi „Fræðafélag“, sem er vettvangur meðal starfsfólks Alþingis fyrir umræður um efni er hefur ríka skírskotun til starfa þess fyrir þingið. Á 131. löggjafarþingi stóð félagið fyrir þremur fræðslufundum sem voru vel sóttir. Í desember 2004 gerði Páll Haraldsson, forstöðumaður rekstrarskrifstofu, grein fyrir rannsókn sinni á viðhorfum alþingismanna til þjónustu sem veitt er á skrifstofu Alþingis. Í mars 2005 flutti Solveig K. Jónsdóttir, deildarstjóri á upplýsinga- og tæknisviði, tvö erindi, annað um heimsókn sína í ný-sjálenska þingið og hitt um fréttaviðtöl. Þá var Helgi Bernóðusson skrifstofustjóri með erindi í mars 2005 um starfsemi þingflokka í Noregi.



Helgi Bernóusson, aðstoðarskrifstofustjóri, tók við skrifstofustjórnastarfinu af Friðriki Ólafssyni.

Þá má nefna að starfsfólk þingfundasviðs stóð fyrir sjö fræðslufundum innan sviðsins á 131. þingi, svokölluðum örfundum, og í nokkrum tilvikum voru fengnir utanaðkomandi gestafyrirlesarar, til að mynda Eiríkur Rögnvaldsson sem fjallaði um tungutækni og Ari Páll Kristinsson sem fjallaði um Íslenska málstöð.

#### KVEÐJUSAMSÆTI FYRIR STARFSMENN

Tveir starfsmenn skrifstofunnar létu af störfum fyrir aldurs sakir á 131. þingi. Það voru Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, sem lét af störfum 20. janúar 2005, og Rákel Viggósdóttir sem lét af störfum 1. desember 2004. Kveðjusamsæti var haldið fyrir Rákel í Skála Alþingis 7. janúar 2005 og fyrir Friðrik 19. janúar sama ár.

#### NÝJUNGAR Í STARFI SKRIFSTOFUNNAR 2004

##### Upplýsinga- og rannsóknþjónusta

Haustið 2004 var ráðinn nýr starfsmaður til upplýsingaþjónustunnar og með því var þjónustustig aukið og þingmönnum boðin rannsóknþjónusta. Hún felst í því að tekið er saman efni, ýmist

samkvæmt beiðni þingmanns, nefndarritara eða eftir þörfum, og samin stutt skýrsla þar sem fjallað er um þingmál eða mál sem sérstaklega eru í umræðunni. Árið 2004 voru skrifaðar 22 úttektir. Einnig hafa verið teknar vikulega saman hagfréttir, þar sem helstu hagtölur sem birst hafa í liðinni viku eru settar upp í samhengi. Þeir sem óska eftir að fá fréttirnar sendar fá þær í tölvupósti.

Einnig liggja þær frammi hjá pósthólfum þingmanna í Skála.

#### Tölvudeild

Unnið var áfram að endurgerð upplýsingakerfa og þeim áfanga náð á árinu 2004 að byrjað var að nota ný kerfi við ræðuvinnslu. Endurnýjaður var vélbúnaður í vélarsal, og vírusvörn og sía fyrir rusltölvupóst settar upp.

#### Þingfundasvið

Haustið 2004 var nýtt geymsluhúsnæði tekið á leigu fyrir skjalasafn Alþingis. Unnið er að breytingum á húsnæðinu í því skyni að laga það að þörfum skjalageymslu. Áform eru um að þar verði auk skjalasafns geymslur fyrir listmuni og gripi í eigu þingsins.

Byrjað var að vinna ræður í nýju kerfi í október 2004. Þær eru nú unnar í XMetaL-ritli og vistaðar í Documentum-skjalavistunarkerfinu. Nýr hljóðspilari, SoundScriber, var lagaður að þörfum ræðudeildar og tekinn í notkun.

#### STARFSFÓLK

Stöðugildi á vegum skrifstofu Alþingis, að meðtöldu starfsfólki í afleysinga-



Rákel Viggósdóttir lét af störfum sem ritari þingmanna árið 2004. Með henni á myndinni eru samstarfkonur hennar, ritararnir Geirfinna Óladóttir, Margrét Ósk Árnadóttir og Rannveig Haraldsdóttir.



## ERLEND SAMSKIPTI STARFSFÓLKS Á ÁRINU 2004

<b>Edinborg</b>	Ráðstefna á vegum skoska þingsins og háskólans í Aberdeen þar sem fjallað var um niðurstöður samanburðarrannsóknar á norrænum og skoskum þingnefndum. Ráðstefnuna sátu starfsmenn frá skoska þinginu og öllum norrænu þingunum. <i>Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu</i>
<b>Kaupmannahöfn</b>	Opnun sýningar í Jónshúsi og málþing á Norðurbryggju. <i>Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri</i>
<b>London</b>	Heimsókn í breska þingið til að kynnast starfsemi þarlands þingfundasviðs. <i>Berglind Karlsdóttir, fulltrúi, og Berglind Steinsdóttir, ræðulesari</i>
<b>London</b>	Námskeið í Documentum. <i>Ingvi Stígsson, gagnagrunnstjóri</i>
<b>Helsinki</b>	Árlegur samstarfsfundur forstöðumanna norrænu þingbókasafnanna. <i>Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu</i>
<b>Nuuk</b>	Fundur vestnorrænna nefndarritara. <i>Einar Farestveit, aðstoðarforstöðumaður nefndasviðs, Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari, og Hafdís Ólafsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs</i>
<b>Vín</b>	Alþjóðþing skjalavarða. <i>Vigdís Jónsdóttir, forstöðumaður þingfundasviðs</i>
<b>Gotland</b>	Formalía, fundur starfsmanna norrænna þinga sem fjalla um meðferð þingmála. <i>Vigdís Jónsdóttir, forstöðumaður þingfundasviðs, Helgi Bernódusson, aðstoðarskrifstofustjóri, og Einar Farestveit, aðstoðarforstöðumaður nefndasviðs</i>
<b>Kaupmannahöfn/ Stokkhólmur</b>	Fundur með yfirmönnum öryggismála í danska og sænska þinginu. <i>Guðlaugur Ágústsson, deildarstjóri þingvörslu, og Þormóður Sveinsson, vaktstjóri þingvörslu</i>
<b>Helsinki</b>	Árlegur samráðsfundur fræðslu- og upplýsingadeilda norrænu þjóðþinganna þar sem m.a. var skoðuð ný upplýsingamiðstöð finnska þingsins fyrir almenning. <i>Hildur Gróa Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi</i>
<b>Ósló</b>	Upplýsingatækniráðstefna norrænu þinganna. <i>Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, Haukur Arnþórsson, forstöðumaður upplýsinga- og tæknisviðs, Þorbjörg Árnadóttir, deildarstjóri tölvudeildar, og Sveinn Ásgeir Jónsson, net- og kerfisstjóri</i>
<b>Ósló</b>	Kynnisferð skjalalesara í Stórþingið. <i>Álfhildur Álfþórsdóttir, skjalalesari, Erna Erlingsdóttir, skjalalesari, Friðrik Magnússon, skjalalesari, Guðrún Þóra Guðmannsdóttir, ritstjóri skjala, Svala Valdemarsdóttir, ritstjóri skjala, og Þórdís Kristleifsdóttir, skjalalesari</i>
<b>New York</b>	Alþjóðaráðstefna Almannatengslasamtaka Bandaríkjanna PRSA þar sem meginþema var staða starfsgreinarinnar. <i>Solveig K. Jónsdóttir, deildarstjóri almannatengsla</i>
<b>Kaupmannahöfn</b>	Vinnudagur í Jónshúsi. <i>Þorbjörg Árnadóttir, deildarstjóri tölvudeildar, og Ingvi Stígsson, gagnagrunnstjóri</i>
<b>London</b>	Ráðstefna á vegum ECPRD (European Centre for Parliamentary Research and Documentation) um upplýsingaþarfir þingmanna í House of Commons. <i>Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur</i>
<b>Lissabon</b>	Ráðstefna ECPRD (European Centre for Parliamentary Research and Documentation) um upplýsingatækni og þjóðþing. <i>Ingvi Stígsson, gagnagrunnstjóri</i>
<b>Helsinki</b>	Samráðsfundur alþjóðasviða norrænna þinga. <i>Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs, og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, alþjóðaritari</i>

störfum, voru 104 í árslok 2004. Karlar voru í 43 stöðugildum en konur í 61 stöðugildi. Meðtaldir eru fjórir starfsmenn í tímabundinni vinnu við endurgerð upplýsingakerfa. Einn starfsmaður fór á eftirlaun á árinu.

Þrír starfsmanna skrifstofunnar unnu við skönnun Alþingistíðinda í Ólafsfirði.

Þá er í Kaupmannahöfn umsjónarmaður Jónshúss í einu stöðugildi, en það telst ekki til skrifstofunnar.

Tveir verktaðaráðnir starfsmenn unnu á heimilum sínum í Reykjavík við fjarvinnslu þingræðna. Verktaki á Hvamms-tanga vann við innslátt á aðalefnisyfirliti Alþingistíðinda.

Þá unnu að jafnaði níu einstaklingar við ræstingar í húseignum Alþingis.

### STARFSMENN SKRIFSTOFU ALÞINGIS 1. JANÚAR 2004

#### Yfirstjórn skrifstofu Alþingis:

Fríðrik Ólafsson skrifstofustjóri.

Helgi Bernódusson aðstoðarskrifstofustjóri.

Karl M. Kristjánsson rekstrar- og fjármálastjóri.

#### Rekstrarskrifstofa:

Páll Haraldsson forstöðumaður.

Ágúst Karlsson aðalbókari.

Fjóla Valdimarsdóttir gjaldkeri, launaritari.

Gunnar Ingibergsson (tímavinna).

Hildur Björnsdóttir ritari.

Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.

Ólafur G. Thorarensen umsjónarmaður fasteigna.

Ragnar Bragason aðstoðarmaður umsjónarmanns fasteigna.

#### Almenn skrifstofa:

Þorsteinn Magnússon forstöðumaður.

Hafdís Þórólfsdóttir ritari.

#### Þjónustusvið:

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður.

Andrés Kristjánsson næturvörður.

Anna Albertsdóttir sendill  
(veikindaleyfi).  
Anton Þór Hjartarson þingvörður.  
Bentína Haraldsdóttir fulltrúi.  
Bentína Jónsdóttir ræsting.  
Elín Rut Guðnadóttir þingvörður.  
Elísabet Stefánsdóttir ritari.  
Erna Sampsted ræsting (veikindaleyfi til  
30.6.).  
Geirfinna Óladóttir ritari.  
Guðbjörg Erlín Guðmundsdóttir ræsting  
(fæðingarorlof til 31.5.).  
Guðfinna Gísladóttir þingvörður.  
Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri  
þingvörslu.  
Guðríður Sigurðardóttir ræsting.  
Gunnar Már Jóhannsson næturvörður.  
Heinz H. Steimann næturvörður.  
Hlynur Þór Gestsson næturvörður.  
Hrefna Sigurðardóttir ræsting.  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir símaþjónusta.  
Jelena Kuzminova ræsting.  
Jensína Stefánsdóttir framreiðslukona.  
Jóhanna Guðfinnsdóttir ræsting.  
Jóhanna Gunnarsdóttir ræsting.  
Jón Elías Gunnlaugsson næturvörður.  
Kristján Vignir Hallsson næturvörður.  
Liudmila Rimsa ræsting.  
Magnea Áslaug Guðnadóttir ræsting.  
Magnúsína Valdimarsdóttir  
símaþjónusta.  
Margrét Ósk Árnadóttir ritari.  
Margrét Linnét þingvörður.  
María Ditas de Jesus þingvörður.  
Ólafía K. Jónsdóttir ritari.  
Ólöf Guðmundsdóttir ræsting.  
Rakel Ragnarsdóttir símaþjónusta.  
Rakel Viggósdóttir ritari.  
Rannveig Haraldsdóttir ritari.  
Regína Óskarsdóttir ritari.  
Sigríður Guðmundsdóttir símaþjónusta.  
Sigríður Helga Völundardóttir  
þingvörður.  
Svana Björnsdóttir framreiðslukona.  
Sveinborg Steinunn Olsen ræsting.  
Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir  
ráðskona.  
Þorgeir Jónsson ljósritun.

Þormóður Sveinsson vaktstjóri  
þingvörslu.

Þórir J. Hall þingvörður.

#### **Upplýsinga- og tæknisvið:**

Haukur Arnþórsson forstöðumaður.  
Garðar Adolfsson kerfisstjóri.  
Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.  
Guðný Ragnarsdóttir bókasafns- og  
upplýsingafræðingur.  
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.  
Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsinga-  
fulltrúi.  
Ingvi Stígsson gagnagrunnsstjóri.  
Kristín Geirsdóttir deildarstjóri  
upplýsingaþjónustu.  
Solveig K. Jónsdóttir deildarstjóri  
almannatengsla.  
Sveinn Ásgeir Jónsson net- og  
kerfisstjóri.  
Viggó K. Gíslason bókasafnsfræðingur.  
Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri  
tölvudeildar.

#### **Upplýsingakerfi:**

Hörður Hauksson forritari.  
Logi Ragnarsson forritari.  
Stefán Freyr Stefánsson forritari.

#### **Nefndasvið:**

Hafdís Ólafsdóttir forstöðumaður  
(námsleyfi til 30.6.).  
Einar Farestveit aðstoðarforstöðumaður.  
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.  
Bjarndís Gunnarsdóttir matráðskona.  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari.  
Erna Erlingsdóttir skjalalesari.  
Eva Margrét Ævarsdóttir nefndarritari.  
Friðrik Magnússon skjalalesari.  
Guðmundur Guðbergsson umsjónar-  
maður, pósthjónusta.  
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri  
skjala.  
Hanna Sigríður Garðarsdóttir  
matráðskona.  
Haukur Hannesson skjalalesari.  
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.  
Ragnheiður Sumarliðadóttir  
umsjónarmaður.

Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritari.  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.  
Sigurður R. Sigurjónsson nefndarritari.  
Stefán Árni Auðólfsson nefndarritari.  
Svala Valdemarsdóttir ritstjóri skjala.  
Þórdís G. Kristleifsdóttir skjalalesari.

#### **Þingfundasvið:**

Vigdís Jónsdóttir forstöðumaður.  
Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðu-  
maður.  
Arna Björk Jónsdóttir ræðulesari.  
Berglind Karlsdóttir fulltrúi.  
Berglind Steinsdóttir ræðulesari.  
Björgvin Geir Kemp tæknistjóri.  
Hlöðver Ellertsson ræðulesari.  
Jón E. Böðvarsson ritstjóri efnisyfirlits  
Alþingistíðinda.  
Jón Ólafsson ræðuritari.  
Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.  
Kjartan Hallur Grétarsson ræðulesari.  
María Gréta Guðjónsdóttir ritstjóri.  
Pétur Einarsson umsjónarmaður  
skjalageymslu.  
Sigurlín Hermannsdóttir ritstjóri  
(námsleyfi til 30.6.).  
Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.  
Sverrir Herbertsson umsjónarmaður  
skjalageymslu.  
Úlfar Sveinbjörnsson hljóðupptöku-  
maður.

#### **Skönnun Alþingistíðinda, Ólafsfirði:**

Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri.  
Guðný Ágústsdóttir ritari.  
Sigríður Guðmundsdóttir ritari.

#### **Alþjóðasvið:**

Belinda Theriault forstöðumaður.  
Andri Lúthersson alþjóðaritari.  
Arna Gerður Bang alþjóðaritari.  
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.  
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóða-  
ritari.  
Stígur Stefánsson alþjóðaritari.

#### **Vestnorræna ráðið:**

Ernst Sumberg Olsen starfsmaður  
Vestnorræna ráðsins.

Í september 2005 lauk viðamiklum endurbótum á Alþingishúsinu sem hófust sumarið 2003 og hafði þá verið unnið þrjú sumur að þeim enda einungis hægt að vinna slíkt verk að sumarlagi meðan hlé er á þingstörfum. Þessar framkvæmdir eru fyrstu gagngeru endurbæturnar á þinghúsinu og voru þær orðnar löngu tímabærar, en húsið var reist á árunum 1880-1881. Ekki aðeins hafði tímans tönn unnið á ýmsu í húsinu sem kallaði á viðgerðir og lagfæringar heldur var orðið nauðsynlegt að koma til móts við ýmsar þær kröfur sem gerðar eru til húsnæðis eins og þessa í dag og má í því sambandi nefna að lyftu var komið þar fyrir. Með henni er fötluðum tryggð greið leið að þingpöllum og fræðsluherbergi á sömu hæð.

Við þessar framkvæmdir var haft að leiðarljósi að færa þinghúsið sem mest í upprunalegt horf og tryggja um leið varðveislu þess sem einnar mestu gersemar í byggingarlist hér á landi. Þannig er anddyri þinghússins komið í sitt upprunalega horf og flest herbergi hússins hafa verið máluð í sínum upprunalegu litum; gulum, rauðum, grænum og bláum. Þá var þingsalurinn yfirfarinn og að nýju settar í hann þær ljósakrónur sem þar voru uppi fyrir mörgum áratugum. Um leið var lýsing í salnum endurbætt. Einnig voru gólfteppi í þingsalnum og víðar í húsinu fjarlægð og urðu þá aftur sjáanleg þau gömlu gólfborð sem þar höfðu verið hulin sjónum manna um langt skeið. Fjölmargar aðrar endurbætur voru gerðar, m.a. voru raf- og vatnslagnir endurnýjaðar, gólf á þingpöllum lagfært með hliðsjón af aðgengi fatlaðra, nýtt gólfefni sett í Kringluna og öll herbergi 1. hæðar, auk þess sem hljóðskilyrði í herbergjunum voru bætt með því að setja þiljur á neðri hluta veggjanna og fá þau við það meiri svip af hönnun þingsalarins. Að seinustu má nefna að gerðar voru verulegar breytingar á Bolabás á 3. hæð, þar sem fréttamenn hafa aðsetur, til að bæta aðstöðu þeirra frekar og



Ríflega 2500 manns komu að skoða endurbæturnar þegar hús var opið í lok september 2005. Hér er Siv Friðleifsdóttir alþingismaður í þingflokksherbergi framsóknarmanna að segja einum gestinum frá því sem þar var að sjá.

í því skyni var opnað á milli Bolabáss og þingpalla gömlu efri deildarinnar.

Samhliða innanhússframkvæmdum hefur verið unnið að brýnum utanhússviðgerðum á Alþingishúsinu en slíkum viðgerðum hefur sáralítið verið sinnt

frá því að húsið var reist. Lokið er viðgerðum á suður- og austurhlið Alþingishússins en eftir er að ljúka viðgerð á norður- og vesturhlið auk þess sem þak hússins og loftræstikerfi bíða viðgerðar.

## HÚS Í EIGU ALÞINGIS

### Starfsemi:

<b>Alþingishúsið</b>	Þingsalur, fundarherbergi og skrifstofur.
<b>Skáli</b>	Aðalinngangur í Alþingishúsið, pósthólf þingmanna, fundarherbergi, símaskiptiborð og matsalur.
<b>Þórshamar</b>	Skrifstofur starfsmanna upplýsinga- og tæknisviðs.
<b>Vonarstræti 8</b>	Skrifstofur starfsfólks þingfundasviðs sem sinnir útgáfu ræðuhluta Alþingistiðinda.
<b>Vonarstræti 12</b>	Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins.
<b>Blöndahls- og Kristjánshús</b>	Skrifstofa forseta Alþingis og skrifstofustjóra, starfsfólks almennrar skrifstofu og rekstrarskrifstofu.
<b>Jónshús í Kaupmannahöfn</b>	Félagsheimili og bókasafn Íslendinga í Kaupmannahöfn. Minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur.
<b>Fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn</b>	Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum.

## HÚS SEM ALÞINGI LEIGIR

<b>Austurstræti 8-10</b>	Skrifstofur þingmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Skrifstofur starfsmanna nefndasviðs og fundarherbergi fastanefnda.
<b>Austurstræti 12</b>	Skrifstofur þingmanna Samfylkingarinnar og skrifstofur alþjóðasviðs Alþingis.
<b>Austurstræti 14</b>	Skrifstofur þingmanna Samfylkingarinnar.

# Sérstakar athafnir

## FJÓRAR MÓTTÖKUR

Á 131. löggjafarþingi stóð forseti Alþingis fyrir þremur móttökum í Alþingishúsinu í tilefni afhendingar sérstakra gjafa til Alþingis og afhjúpunar málverks sem Alþingi hafði keypt. Þá stóð hann fyrir einni móttöku í tilefni endurbóta á Alþingishúsinu.

Athöfn var í efrideildarsalnum 4. nóvember 2004 þar sem ættingjar Jóns Baldvinssonar, fyrrv. forseta sameinaðs Alþingis og fyrrv. forseta Alþýðusambands Íslands og formanns Alþýðuflokksins, afhentu Alþingi að gjöf brjóstmynd af Jóni. Brjóstmyndin er gerð af danska listamanninum Leif Jenssen 1998. Auk forseta og ættingja Jóns voru viðstaddir athöfnina varaforsetar Alþingis, formenn þingflokka, forustumenn Samfylkingarinnar á Alþingi, fyrrv. þingmenn Alþýðuflokksins og fleiri gestir. Við athöfnina flutti Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur erindi um Jón Baldvinsson sem birt er í heild í þessari ársskýrslu. Jón Baldvinsson var alþingismaður frá 1920–1938. Á þeim tíma var hann forseti sameinaðs Alþingis 1933–1938. Jón var forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Alþýðuflokksins 1916–1938.

Þann 9. mars 2005 var afhjúpað málverk af Ingibjörgu H. Bjarnason í efrideildarsal Alþingishússins. Ingibjörg var fyrst kvenna kosin þingmaður árið 1922. Ragnhildur Helgadóttir, sem fyrst kvenna var kjörin forseti þingdeildar, afhjúpaði málverkið og flutti erindi um Ingibjörgu. Hún minntist þess að 19. júní 2005 yrðu liðin 90 ár frá því að konur hlutu kosningarrétt á Íslandi. Öllum konum sem kosnar hafa verið til Alþingis og enn eru á lífi var boðið að vera viðstaddir athöfnina en þær eru 47 af þeim 56 konum sem átt hafa fast sæti á Alþingi.

Málverkið af Ingibjörgu er eftir Gunnlaug Blöndal listmálara og var í einkaeign þar til Alþingi eignaðist það.

Halldór Blöndal, forseti Alþingis, veitti mánudaginn 27. júní 2005 viðtöku gjöf til Alþingis í minningu 90 ára afmælis kosningarréttar kvenna. Gjöfin er verk eftir listakonuna Kolbrúnu Björgólfsdóttur, Koggu, og nefnist Kvennakraftur. Það voru Femínistafélag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennasögusafn Íslands, Kvennakirkjan, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót og UNIFEM á Íslandi sem stóðu að gjöfinni til Alþingis.

Föstudaginn 23. september 2005 kynnti forseti Alþingis, Halldór Blöndal, umfangsmiklar endurbætur á Alþingishúsinu í hófi fyrir þingmenn, starfsmenn og verktaka. Alþingishúsið var síðan almenningi til sýnis daginn eftir kl. 10–15 og nýttu 2.520 gestir þetta tækifæri til að kynna sér endurbæturnar á húsinu. Greint er frá endurbótum á Alþingishúsinu í kaflanum um húsakost Alþingis.

## ÁVÖRP VIÐ ATHAFNIR Í ALÞINGISHÚSINU

### Ávarp Helga Skúla Kjartanssonar við afhjúpun brjóstmyndar af Jóni Baldvinsyni 4. nóvember 2004

Fyrir rökum 70 árum, árið 1933, var Jón Baldvinsson fyrst kjörinn til forsætis á Alþingi Íslendinga. Hann var þá fimmtugur að aldri, hafði setið tólf ár á þingi, en á sautjándá ári verið forseti Alþýðusambands Íslands og þar með formaður Alþýðuflokksins. Til þess trúnaðar var hann kjörinn á fyrsta reglulegu Alþýðusambandsþingi og varð skjótt hinn sjálfsagði fyrirliði og persónugervingur verkalyðshreyfingar í landinu.

Jón Baldvinsson var Ísfirðingur að uppruna, en prentari að iðn. Ungir menn, sem ekki áttu kost á bóklegu námi en vildu af sjálfsdáðum geta aflað sér þekkingar og vísýni út yfir daglegan verkahring, kusu sér tíðum starf prentara, sem gaf með sínum hætti aðgang að heimi



Helgi Skúli Kjartansson.

hins ritaða máls. Jón var lærlingur og sveinn í prentsmiðju Þjóðviljans, hins eldra blaðs með því nafni, sem var mál-gagn þjóðmálaskörungsins Skúla Thoroddsen. Með blaðinu og prentsmiðjunni fluttist Jón frá Ísafirði suður að Bessastöðum og vann þar uns hann hóf störf við prentsmiðjuna Gutenberg í Reykjavík, sem þá var í félagseigu prentara sjálfra, og þannig einstakt fyrirtæki í sinni röð.

Þjóðviljinn, Bessastaðir og Gutenberg urðu pólitískur skóli Jóns Baldvinssonar. Hann fylgdi þeim fyrst sem róttækastir þóttu í sjálfstæðiskröfum, og þegar stjórn-mál landsins lögðust í aðra farvegi skipaði hann sér hiklaust undir merki verkalyðshreyfingar og jafnaðarstefnu. Hann starfaði í Prentarafélaginu, var eitt sinn formaður þess, og síðan fulltrúi þess hjá nýstofnuðu Alþýðusambandi Íslands 1916, sem valdi hann leiðtoga sinn.

Þá átti Alþýðuflokkurinn hlutdeild í þingmanni, sem kosinn var í bandalagi við aðra, en í næstu kosningum fékk hann engan fulltrúa. Fjölgun þingmanna Reykjavíkur færði flokknum sitt fyrsta örugga þingsæti, og í sex ár var Jón Baldvinsson eini fulltrúi hans á Alþingi. Jón tók þátt í umræðum um fjölmörg mál, og öll hin stærstu, til þess að koma á framfæri sjónarmiðum jafnaðarstefunnar, sem engin hefð var fyrir á þinginu og mörgum þóttu blöskranleg fjarstæða.

En Jón Baldvinsson var enginn öfgamaður eða æsinga-. Bæði innan þings og utan kynntust menn honum sem ábyrgum og hugsandi manni sem rétt væri að hlusta á og hafa með í ráðum. Inn á þingið flutti hann mál verkalyðshreyfingarinnar, og tókst á stundum að afla þeim stuðnings; er þar einkum að minnast vökulaganna um vinnutíma á togurum.

Fylgi Alþýðuflokksins fór vaxandi og um síðir fór þingflokkurinn að stækka. Hann réð úrslitum um stjórnarskipti 1927 og studdi þá ríkisstjórn Framsóknarflokksins. Og 1934 átti hann í fyrsta sinn aðild að samsteypustjórn, aftur með Framsóknarflokknum. Yngri forustukynslóðin í báðum flokkum vann mjög að þeirri stjórnarmyndun, og úr hennar röðum komu ráðherrarnir allir. Jón Baldvinsson var fulltrúi stjórnarmeirihlutans á forsetastóli sameinaðs þings, auk þess sem hann var bankastjóri í Útvegsbankanum, en í öngþveiti heimskreppunnar, gjaldeyris- og lánsfjárskorti og sárum atvinnubresti, var stjórn bankanna bæði erfiðari og afdrifaríkari en nokkurn óraði fyrir þegar Jón Baldvinsson tók þar til starfa á bjartsýnisári Alþingishátíðarinnar 1930.

Í forsetastól Alþingis var Jón reyndar ekki í fyrsta sinn valinn af stjórnarmeirihlutunum 1934, heldur árið áður, þegar enginn virkur meiri hluti var á þingi, og Jón taldist til stjórnarandstæðinga. Kjör hans þá sýnir nokkuð um þá persónulegu virðingu sem hann hafði áunnið sér.

Þótt sín sé saga í landi hverju, þá hefur þróun verkalyðshreyfingar og jafnaðarflokka um margt verið hliðstæð hér og í grannlöndunum. Eitt samkennið er það að forustusveit hreyfingarinnar er af tvennu tagi, „menn orðsins og verksins“, eins og stundum er sagt, eða „pennans og hakans“. Annars vegar hefur verkalyðsstéttin hlotið „leiðtoga að láni“, sem svo má kalla, úr röðum mennta-

manna, blaðamanna, kennara o.s.frv., sem aðhylltust málstað launþegahreyfingarinnar og gerðust baráttumenn fyrir honum. Hins vegar eru foringjar sem risu úr röðum verkalyðsins sjálfs, gengu í stéttarfélögin sem vinnandi menn, unnu traust félaga sinna og völdust til forsvars.

Slíkur maður var Jón Baldvinsson. Jafnframt því að vera á þingi talsmaður nýrra og fáheyrðra sjónarmiða var hann fyrsti íslenski þingmaðurinn úr verkalyðsstétt. Þeim mun meiri viðurkenning fólst í stjórn málaframa hans og því trausti sem hann vann sér, meðal samherja og andstæðinga, sem réttmætur þátttakandi í forsjá lands og þjóðar.

Jóni Baldvinssyni er lýst sem yfirveguðum manni, vel stilltum, traustum og traustvekjandi. Hann dró þó ekki dul á hvar hann stóð, og hans fólk vissi hvar það hafði hann.

Jóni varð ekki langrar ævi auðið. Hann féll frá hálfsextugur, gegndi trúnaðarstöðum sínum flestum til dauðadags, en auðnaðist ekki að draga sig í hlé og sjá samstarfsmenn taka við.

Jón Baldvinsson varð mörgum Íslendingum harmdauði. Ekki þeim einum sem hann tengdist böndum vensla, vináttu og samvinnu, heldur fjölmörgum sem úr fjarlægð bundu við hann traust sitt og vonir um framhald á farsælu starfi, sem síðustu árin var orðið tvísýnt um vegna sundurþykkju og átaka, bæði um menn og málefni. Einmitt þá þótti mörgum sárt að sjá á bak Jóni Baldvinssyni.

En vegna þess að hans missti við einmitt þá fékk minning hans sérstakt tákngildi fyrir Alþýðuflokksfólk. Hann varð að tákni þess tíma þegar flokkurinn og hreyfingin voru ung, eflust við hverja raun, og stóðu saman, kannski ekki ágreiningslaust, en þó í svo miklu fyllri eindrægni en síðar varð.

Pannig varð Jón Baldvinsson að kærri minningu, nærri heilagri, í flokki sínum. Nú er hins vegar langt um liðið og margt

breytt, og óþarfi að minning Jóns Baldvinssonar sé eins flokks eign. Við minnumst hans sem eins af mótandi leiðtogum þjóðar sinnar á umskiptatímum, og sem eins af forsvarsmönnum þeirrar stofnunar sem virðulegust er í landinu, nú sem þá.

### **Erindi Ragnildar Helgadóttur við afhjúpun á málverki af Ingibjörgu H.**

**Bjarnason 9. mars 2005**

Á þessu ári verða 90 ár liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis með stjórnarskránni 19. júní 1915. Þá þegar varð Ingibjörg H. Bjarnason talsmaður íslenskra kvenna gagnvart Alþingi. Sjö árum síðar varð hún alþingismaður, fyrst kvenna á Íslandi. Sú sem hér stendur fagnar því sem fyrrverandi þingmaður að mega taka þátt í að heiðra minningu hennar. Ég þekkti Ingibjörgu ekki persónulega, enda barn að aldri þegar hún féll frá.

Hún var fædd á Þingeyri við Dýrafjörð 1868, dóttir hjónanna Kristínar Jóhönnu Þorleifsdóttur og Hákonar Bjarnasonar kaupmanns og útgerðarmanns, síðast á Bíldudal. Ingibjörg fór eftir fermingu í Kvennaskólann í Reykjavík og hefur þá þegar kynnst því andrúmslofti mennta og menningar sem forstöðukonan Þóra Melsted og Páll maður hennar mótuðu og hún átti sjálf eftir að framfylgja í störfum sínum síðar. Ríkur þáttur í þessu andrúmslofti var reglufesta og siðprýði.

Síðar lærði Ingibjörg hannyrðir, tungumál og teiknun hjá Þóru Pétursdóttur biskups Péturssonar. Sextán ára fór hún í framhaldsskóla í Kaupmannahöfn en þurfti að hverfa heim ári síðar vegna veikinda móður sinnar. 1886 fór hún enn utan og lagði stund á uppeldis- og kennslumál svo og leikfimi, sem hún lauk prófi í fyrst Íslendinga og hóf svo eftir sjö ár erlendis kennslustörf á Íslandi við Kvennaskólann og barnaskólann, 25 ára



Ragnhildur Helgadóttir afhjúpar málverkið af Ingibjörgu H. Bjarnason.

að aldri. Hún lagði 1901–3 stund á nýjungar í uppeldis- og kennslufræðum í Þýskalandi og Sviss og hélt svo áfram kennslu.

Þóra Melsteð sá fljótt að Ingibjörg var til forustu fallin og réð því að hún tók árið 1906 við forstöðu Kvennaskólans sem hún sinnti til dauðadags 1941 með miklum sóma.

Á námstíma og fyrstu starfsárum Ingibjargar óx kvenréttindabaráttunni ásmegin. Á þeim tíma kom líka æ betur í ljós, ekki síst á Alþingi, að kvenréttindabaráttan og sjálfstæðisbáttan voru samanslungnir þættir sem settu svip á hið pólitíska sögusvið þessa tíma og þar með hið pólitíska baksvið Ingibjargar H. Bjarnason.

Í þessu pólitíska andrúmslofti leystist úr læðingi afl kvenna víða um land. Þær bundust samtökum um að þoka áfram bæði eigin réttindum og ýmsum öðrum framfara- og velferðarmálum landsins og þær veittu Alþingi öflugt aðhald. Ingibjörg var mjög virk eða í forustu fyrir mörgum þessara félaga.

Árið 1915 ákváðu konur að þakka fyrir langþráð pólitísk réttindi þótt takmörkuð væru við 40 ára aldur og halda hátíð á samkomudegi Alþingis hinn 7. júlí, færa Alþingi og konungi þakkir og sameinast um málefni sem verða mætti þjóðinni að gagni. Bygging Landspítala varð fyrir valinu og stofnun Landspítalasióðs. Ingibjörg var í forsvari og valin til að flytja þakkarávarp í sal neðri deildar Alþingis þar sem forseti, ráðherra Íslands og þingmenn tóku á móti henni og fjórum öðrum konum sem í sendinefndinni voru.

En í sólskininu úti á fánum prýddum Austurvelli voru þrjú hundruð konur saman. Og þar greindi Ingibjörg frá Landspítalamálinu og las þakkarskeyti til konungshjónanna frá þúsundum íslenskra kvenna. Hátíðahöldin héldu síðan áfram til miðnættis.

Eftir að vonir höfðu brugðist um að koma konu á þing af hinum pólitíska flokkslistum sammæltust konur, minnugar sigursins í kosningunum til bæjarstjórnar Reykjavíkur 1908, um að bjóða fram kvennalista í landskjörinu 1922 sem

þá var, eins og kunnugt er, til átta ára með Ingibjörgu í efsta sæti, Ingu Láru Lárusdóttur í öðru, Halldóru Bjarnadóttur í þriðja og Theódóru Thoroddsen í hinu fjórða. Ingibjörg náði kjöri og tók sæti í efri deild hinn 15. febrúar. Þess má geta, að fyrir réttum 80 árum var hún kosin 2. varaforseti þeirrar deildar, sem hún var í til 1927.

Meðal fyrstu þingmála hennar var að vonum Landspítalamálið, sem íslenskar konur höfðu sameinast um. En þar kom í öðrum málum að ekki var auðvelt að vera sameiningartákn íslenskra kvenna því að auðvitað hafa ekki allar konur sömu pólitísku viðhorf vegna þess eins að þær eru konur. Ingibjörg einskorðaði sig ekki við þau mál sem vörðuðu hag kvenna sérstaklega, þótt hún léti mjög til sín taka um þau. Mörgum konum mislíkaði afstaða hennar til undanþágu frá bannlögunum með innflutningi Spánarvins til að liðka fyrir fiskmörkuðum og til húsmæðraskóla utan Reykjavíkur sem henni þótti ekki nægilega vel undirbúið mál. Tilteknum hópum kvenna leist heldur alls ekki á það að hún skyldi ganga í pólitískan flokk, þingflokk íhaldsmanna.

Í þinginu varð hún fyrir pólitískum árásum höfuðandstæðings síns, Jónasar Jónssonar frá Hriflu, sem bar henni jafnvel á brún í umræðum að hafa „gleymt kynsysturum sínum og áhugamálum þeirra og elt íhaldsflokkinn og einkum Jón Magnússon út á allar hans pólitísku villigötur“. Þetta voru orð Jónasar. Sjálf gat hún verið hörð í umræðum og lét menn ekkert eiga hjá sér. Aðalsamherjar hennar á þingi voru þeir Jón Magnússon og Jón Þorláksson.

Hún vann ótrauð áfram að aðalbaráttumáli kvenna frá 1915 utan þings og innan og hafði að lokum sigur, svo að Landspítalinn var opnaður 1930. Í Læknablaðinu 1931 segir í ritstjórnargrein um opnun Landspítalans m.a.: „Má það fyrst og fremst þakka konum landsins

með landspítalanefndina og fyrrverandi landskjörinn þingmann Ingibjörgu H. Bjarnason í fararbroddi.“ ----- „Hún kom því til leiðar, að Alþingi skuldbatt sig til þess að Landspítalinn gæti tekið til starfa 1930.“ Konurnar höfðu undir forystu Ingibjargar aflað milli 1/4 og 1/3 af byggingarkostnaðinum. Þær lögðu einnig fram sjóð til styrktar fátækum sjúkl-ingum, enda var þetta fyrir daga almanna-trygginga. Þær létu ekki staðar numið, því að þær lögðu fram fé til byrjunarframkvæmda við fæðingar- og kvensjúk-dómadeild og 1/3 af byggingarkostnaði húð- og kynsjúkdómadeildar 1933.

Ingibjörg átti sæti í menntamálanefnd og fjárveitinganefnd efri deildar og lét því oft til sín taka í málefnum þeirra nefnda. Hún beitti sér í umræðunum um frumvarp til hjúskaparlaga 1923 og studdi fjárhagslegt sjálfstæði giftra kvenna. Þingsályktunartillaga frá henni og fleirum um skipun kvenna í opinberar nefndir var samþykkt í efri deild en felld umræðulaust í neðri. Hún flutti frumvarp sem samþykkt var um aðgerðir gegn heilsuspillandi húsnæði og þingsályktunartillögu sem einnig var samþykkt um breytingu á fátækralögum til hagsbóta fyrir konur og börn. Húsrými fyrir listaverk landsins var efni einnar tillögu hennar er þingið samþykkti enda átti hún sæti í menntamálaráði frá 1928–36 og hafði mikinn áhuga á listaverkakaupum fyrir Listasafn ríkisins. Í Landsbankanefnd sat hún frá 1928–32. Að vonum komu svo málefni Kvinnaskólans oft til umræðu í þinginu.

Hér hefur verið stiklað á stóru í merki sögu. Ég ræddi nú á dögnum við fyrrum námsmey Kvinnaskólans, Sigurveigu Guðmundsdóttur, sem nú er á tíræðisaldri. Hún lýsti því að eitt sinn er málefni Kvinnaskólans voru til meðferðar á þingi hafi frk. Bjarnason óskað þess við námsmeyjar að þær bæðu með sér fyrir framgangi málsins og sér væri þægð í að þær kæmu á pallana. Það gerðu þær, en sú



*Halldór Blöndal, forseti Alþingis, tók á móti gjöf til Alþingis í minningu 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Gjöfin er verkið Kvinnakraftur eftir listakonuna Kolbríunu Björgólfsdóttur, Koggu. Feministafélag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennasögusafn Íslands, Kvinnakirkjan, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót og UNIFEM á Íslandi stóðu að gjöfinni til Alþingis.*

mynd, sem greypst hafði í huga hinar öldnu heiðurskonu var þessi: „Mér þótti hún eitthvað svo einmana, sem hún stóð þarna á bláa kjólnum sínum, innan um alla karlana.“

Ég bað aðra fyrrverandi námsmey, Björgu Einarsdóttur, að lýsa fyrir mér persónunni Ingibjörgu H. Bjarnason. Hafði sú eldri verið nemandi hennar á þriðja áratugnum, en hin yngri í lok starfstíma frk. Ingibjargar. Báðar báru þær djúpa virðingu fyrir henni. Sigurveig minntist á drottningarlegt fas hennar og að sögn Bjargar þögnuðu allir þar sem Ingibjörg gekk um. Björg telur hana hafa verið eins og hún orðar það hina „nýju konu“ 20. aldarinnar. Hún hafi sjálf verið hámenntuð og haldið menntun sinni við. Hún hafi lagt mikinn metnað í að mennta námsmeyjar, kenna þeim háttvísi og innræta siðprýði. Þeim ber saman um að hún hafi verið afar ströng, en strangleikanum hafi fylgt velvild. Þær segja einnig, að hún hafi getað séð hið spaugilega í hlutunum. Henni hafi þó ekki verið hlátur í hug stundum er hún kom af þingfundum er eldri námsmeynni, sögukonu minni, virtist hún afar niðurdregin eins og áfall hefði dunið yfir.

Hefði þá mátt ganga að því vísu, að hún hefði átt í orðasennu við Jónas frá Hriflu. Léttara hafi verið yfir henni er hún hafði þokað málum áfram í félagi við þá Jón Magnússon eða Jón Þorláksson.

Samstarfsmaður hennar á þingi, Pétur Ottesen, sagði fyrir 48 árum hérna niðri í þingflokksherbergi sjálfstæðismanna við þá sem hér stendur um þingstörf Ingibjargar og Guðrúnar Lárusdóttur: „Elskan mín, líttu bara í kringum þig – sjáðu bara 17. greinina (fjárlaga) – styrkirnir til þessara hæla, elliheimila, barnaheimila Sumargjafar – þetta hefur komið þarna inn smám saman – allt er þetta þeirra verk beint og óbeint.“ Annar þáverandi þingmaður, Jón á Reynistað, sem einnig var á þingi með Ingibjörgu, kinkaði kalli til samþykkis. Þessi ummæli sögðu nokkra sögu um það hvaða áhrif samstarfsmenn á þingi töldu að þær hefðu haft.

Nú, þegar mynd brautryðjandans Ingibjargar H. Bjarnason blasir við í þeim sal þar sem hún sjálf átti sæti, verður hún háttvirtum þingmönnum vonandi hvatning til að fylgja fram þeim málum sem hún bar fyrir brjósti, jafnrétti kvenna og karla, menntun, menningu og mannúð.

# Stofnanir Alþingis 2004



Í útveggjum Alþingishússins er grágrýti úr Skólavörðuholti. Sumarið 2003, 122 árum eftir að húsið var reist, hófst viðgerðir á suðurhlíð þess. Frekari lagfæringar á norður- og austurhlíðum eru fyrirhugaðar.

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 2003 var Tryggvi Gunnarsson endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára frá 1. janúar 2004 að telja. Á árinu 2004 voru skráð 323 mál. Þar af voru 320 kvartanir en þrjú mál voru tekin upp að eigin frumkvæði umboðsmanns. Lokið var 279. Starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru átta í árslok 2004.

## RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofn-

unarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnarsýslu- og umhverfisendurskoðanir. Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var endurráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til sex ára frá og með 1. júlí 2004. Fastráðnir starfsmenn voru í árslok 2004 49 talsins. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 14 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana. Samtals áritaði stofnunin 357 ársreikninga og samdi 259 endurskoðunarskýrslur á árinu 2004. Auk Endurskoðunar ríkisreiknings sendi stofnunin frá sér 10 opinberar skýrslur og leiðbeiningarrit og 15 greinargerðir.

## JÓNSHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það

í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur, en þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Húsið er við Øster-Voldgade 12. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur og bókasafn. Sýningin var aukin og endurbætt árið 2004 í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar Íslands.

Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstoðu í húsinu. Þá er íbúð umsjónarmanns í húsinu, en þar var áður íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns. Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann, en fræðimenn höfðu haft íbúð í Jónshúsi til þess tíma. Nú er vinnuherbergi fyrir fræðimann í Jónshúsi. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.

Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknunum. Fyrir tímabilið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 bárust 24 umsóknir um afnot af íbúðinni. Átta fengu úthlutað og þau voru sem hér segir:

**Arndís S. Árnadóttir:** Norræn áhrif á íslenska hönnunarsögu 1930–1970.

**Guðjón Friðriksson:** Ævisaga Hannesar Hafstein.

**Guðmundur Hálfðánarson:** Íslensk sjálfstæðisbarátta í augum Dana.

**Helga Kress:** Ævisaga Maríu Stephensen sögð í bréfum.

**Jörgen L. Pind:** Guðmundur Finnbogason sálfræðingur.

**Sigurður Gylfi Magnússon:** Hugmyndafræði hversdagslífsins.

**Sven Þ. Sigurðsson:** Bútareiknilikön af straumum sjávar og hafsis.

**Þórunn Sigurðardóttir:** Íslensk erfljóð frá 17. öld.





*Ársreikningur Alþingis 2004*



## Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu


Á árinu 2004 varð 8,3 millj. kr. tekjuhalli af rekstri Alþingis. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 105,4 millj. kr. og eigið fé nam 72,7 millj. kr. í árslok 2004.

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Alþingi, 28. apríl 2005



Halldór Blöndal  
forseti Alþingis



Helgi Bernóðusson  
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson  
rekstrar- og fjármálastjóri

## Áritun endurskoðenda


Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar 1-16. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a. að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka, að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur, að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga, og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni, þar sem við á, og að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.


Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 30. apríl 2005



Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi



Sigurjón I. Haraldsson

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2004

Rekstrartekjur:	2004	2003
Sölutekjur .....	8.842.899	10.957.343
Aðrar tekjur .....	1.570.010	21.324.326
	<u>10.412.909</u>	<u>32.281.669</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Alþingiskostnaður .....	641.099.999	653.683.252
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	54.999.998	50.400.002
Fastanefndir .....	7.317.905	10.348.895
Alþjóðasamstarf .....	60.762.295	59.158.669
Almennur rekstur .....	618.408.662	573.224.097
Sérverkefni .....	26.911.356	21.188.113
Rekstur fasteigna .....	141.821.848	132.192.874
	<u>1.551.322.063</u>	<u>1.500.195.902</u>
Viðhald fasteigna .....	165.747.772	73.926.016
Stofnkostnaður .....	75.792.079	73.559.934
	<u>1.792.861.914</u>	<u>1.647.681.852</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða .....	( 1.782.449.005)	( 1.615.400.184)
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) .....	<u>1.752.037</u>	<u>1.393.435</u>
Tekjuhalli án ríkisframlags .....	( 1.780.696.968)	( 1.614.006.749)
Ríkisframlag .....	<u>1.772.400.000</u>	<u>1.661.500.000</u>
Tekjuafgangur (-halli)	( 8.296.968)	<u>47.493.251</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignarhlutir í félögum:	2004	2003
Hlutfé .....	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Ríkissjóður .....	74.792.564	53.204.873
Birgðir .....	1.325.025	1.007.761
Viðskiptakröfur .....	6.852.280	9.292.922
Handbært fé .....	<u>22.341.664</u>	<u>54.697.035</u>
Veltufjármunir	<u>105.311.533</u>	<u>118.202.591</u>
Eignir alls	<u>105.403.533</u>	<u>118.294.591</u>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>		
<b>Höfuðstóll:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	80.902.855	33.349.666
Endurmat fært á höfuðstól .....	0	59.938
Tekjuafgangur (-halli) ársins .....	( 8.296.968)	47.493.251
Höfuðstóll	<u>72.605.887</u>	<u>80.902.855</u>
<b>Annað eigið fé:</b>		
Framlag til eignamyndunar .....	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Annað eigið fé	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Eigið fé	<u>72.697.887</u>	<u>80.994.855</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>		
Bankalán .....	<u>4.040.482</u>	<u>4.551.852</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Viðskiptaskuldir .....	<u>28.665.163</u>	<u>32.747.884</u>
	<u>28.665.163</u>	<u>32.747.884</u>
Eigið fé og skuldir	<u>105.403.532</u>	<u>118.294.591</u>

# Skýringar með ársreikningi 2004 (útdráttur)

## Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1977, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

## Fjárheimildir og rekstur

Framlög á fjárlögum til Alþingis námu 1.672,3 millj. kr. Viðbótarfjárheimild á fjárukalögum nam samtals 99,7 millj. kr. sem ráðstafað var til viðhalds og endurbóta á Alþingishúsi. Launabætur námu 0,4 millj. kr. Fjárheimildir ársins námu þannig samtals 1.772,4 millj. kr., en útgjöld Alþingis umfram sértekjur námu 1.780,7 millj. kr. Útgjöld voru því 8,3 millj. kr. umfram fjárheimildir ársins.

Fjárheimildir ársins 2004 skiptast eins og að neðan greinir eftir viðföngum (fjárhæðir í þús. kr.):

	Reikningur 2004	Fjárheimild 2004	Mismunur
Alþingiskostnaður .....	641.100	656.800	15.700
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	55.000	55.000	0
Fastanefndir .....	7.318	15.700	8.382
Alþjóðasamstarf .....	60.762	75.900	15.138
Almennur rekstur .....	618.409	629.700	11.291
Sérverkefni .....	26.911	22.800	( 4.111)
Rekstur fasteigna .....	141.822	140.200	( 1.622)
Viðhald fasteigna .....	165.748	129.000	( 36.748)
Stofnkostnaður, tæki .....	75.792	55.100	( 20.692)
	1.792.862	1.780.200	( 12.662)
Sértekjur .....	( 10.413)	( 7.800)	2.613
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) .....	( 1.752)	0	1.752
Samtals	1.780.697	1.772.400	( 8.297)

## Tegundir gjalda

Gjöld ársins 2004 umfram tekjur námu 1.781 millj. kr. og skiptast þannig:

	2004	2003
Launakostnaður skrifstofu Alþingis .....	509.693.563	460.865.676
Þingfararkaup og -kostnaður aðal- og varamanna .....	563.157.735	569.750.338
Önnur gjöld .....	660.842.858	562.988.097
Tilfærslur .....	59.428.398	54.849.302
Gjöld samtals	1.793.122.554	1.648.453.413
Sértekjur .....	( 12.425.586)	( 34.446.664)
Gjöld umfram tekjur	1.780.696.968	1.614.006.749

## SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reiknings-skilareglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

## SUNDURLIÐANIR

### Alþingiskostnaður

Þingfararkaup er föst laun alþingismanna. Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, s.s. símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl. Lækkun þingfararkaupts á árinu 2004 má rekja til þess að á árinu 2003 voru greidd biðlaun til alþingismanna sem hættu þingmennsku eftir alþingiskosningarnar vorið 2003. Lækkun á þingfararkostnaði skýrist af minni ferða- og dvalarkostnaði þingmanna en á kosningarárinu 2003.

	2004	2003
Þingfararkaup .....	457.307.331	464.603.217
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur .....	105.850.404	105.147.121
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur .....	77.942.264	83.932.914
	<u>641.099.999</u>	<u>653.683.252</u>

### Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

Þingflokkur Framsóknarflokksins .....	10.514.704	9.635.296
Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins .....	18.602.942	18.032.579
Þingflokkur Samfylkingarinnar .....	16.985.296	14.764.478
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ....	4.852.940	4.713.802
Kristján Pálsson X-T .....	0	81.448
Þingflokkur Frjálslynda flokksins .....	4.044.116	3.172.399
	<u>54.999.998</u>	<u>50.400.002</u>

## Alþjóðasamstarf

Kostnaður við alþjóðasamstarf Alþingis felst annars vegar í starfsemi alþjóðanefnda, alþjóðasamstarfi á vegum forseta og forsætisnefndar. Útgjöld við alþjóðanefndir þingsins eru fyrst og fremst ferðakostnaður, kostnaður við ráðstefnuhald og þátttökugjöld. Á árinu 2004 var febrúarfundur Norðurlandaráðs haldinn á Íslandi.

	2004	2003
Skrifstofa alþjóðasviðs .....	29.375.604	28.217.735
Íslandsdeild Norðurlandaráðs .....	13.410.903	14.887.240
Íslandsdeild NATO-þingsins .....	5.447.345	4.217.970
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins .....	6.031.791	7.935.773
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA .....	7.121.005	6.884.824
Alþjóðáþingmannasambandið .....	5.985.314	5.454.947
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins .....	8.169.933	8.669.887
Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna .....	3.004.439	2.905.595
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu .....	2.024.999	2.764.158
Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins .....	1.340.457	1.716.018
Ráðstefnur og fundir á Íslandi .....	3.789.925	0
Á vegum forsætisnefndar .....	27.656.465	14.202.291
Annað erlent samstarf .....	4.436.184	3.722.257
	<u>117.794.364</u>	<u>101.578.695</u>